

Ársskýrsla **OR**

2015

Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur

Ritstjórar

Eiríkur Hjálmarsson og Einar Örn Jónsson

Skrá yfir skýrslur, greinar og erindi

Anna Margrét Björnsdóttir

Ljósmyndir

Feifei Cui-Paoluzzo

Greтар Ívarsson

Guðmundur Þór Kárasón

Gunnar Svanberg

Hafnarfjarðarbær

Hallmar Freyr Þorvaldsson

Haraldur Guðjónsson

Magnea Magnúsdóttir

Nanna Lind

NordicPhotos / Getty Images / Lumi Images / Romulic-Stojcic

Páll Guðjónsson

Samtök atvinnulífsins

Sverrir Þórólfsson

Thorsten Henn

Yevgen Timashov


Hönnun útlits og umbrot

Auglýsingastofan Hvíta húsið

Prentun

Pixel – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Starfsemi OR nýtur óháðrar gæðavottunar





Efnisyfirlit

1. kafli	Af starfi stjórnar	5
2. kafli	Frá forstjóra	9
3. kafli	Árið í hnotskurn	12
4. kafli	Fjármál	15
5. kafli	Veitur	23
6. kafli	Orka náttúrunnar	29
7. kafli	Gagnaveita Reykjavíkur	35
8. kafli	Stiklur úr sögunni 1909-2015	38
9. kafli	Ágrip úr Umhverfisskýrslu OR	41
10. kafli	Mannauður og öryggi	45
11. kafli	Aðföng	51
12. kafli	Útgefnar skýrslur og greinar	55
13. kafli	Sjálfbærnivísar (GRI)	59





1. kafli

Af starfi stjórnar

Af starfi stjórnar


Orkuveita Reykjavíkur er í eigu þriggja sveitarfélaga og um hana gilda lög frá árinu 2013 þar sem segir að eigendur fyrirtækisins geri með sér sameignarsamning. Hann endurnýjuðu eigendur við uppskiptingu OR í ársbyrjun 2014. Í sameignarsamningi kemur fram að eigendur skuli marka OR og dótturfélögum þess stefnu um tilgang og markmið rekstursins, rekstrarform, starfshætti og arðgreiðslur. Þessum atriðum er lýst í eigendastefnu OR sem er samstarfssáttmáli eigenda. Með eigendastefnunni er leitast við að skýra

hlutverk og ábyrgð eigenda og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg mál efni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins. Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindu hlutverki fyrirtækisins, skýru umboði handhafa eigendavalds, stjórnar og forstjóra ásamt lýsingu á kröfum um stjórnshætti og öflugu eftirlitskerfi er OR skapaðar forsendur til að annast starfsemi í þágu almennings.

Stjórn OR starfar í umboði eigenda sinna sem hafa treyst henni til að framfylgja stefnu sinni.

Stjórn OR hélt 14 stjórnarfundum á árinu auk þess að boða eigendur til aðalfundar og reglubundins eigendafundar um fjármál. Starfsdagar stjórnar voru tveir. Á liðnu starfsári var stefnumótun, markmiðasetning og innleiðing á hugmyndafræði „Beyond Budgeting“ í rekstri samstæðu OR umfangsmikil í störfum stjórnar. Stjórn OR setur sér árlega

YFIRLIT STEFNUSKJALA INNAN SAMSTÆÐU OR



Myndin gefur yfirlit yfir þau stefnuskjöl sem gilda um starfsemi samstæðu OR, móðurfélags og dótturfélaga.



Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Stjórn OR skipuðu frá því í júní 2014 Haraldur Flosi Tryggvason, sem er formaður, Brynhildur Davíðsdóttir, varaformaður, auk Gylfa Magnússonar, Kjartans Magnússonar, Áslaugar Friðriksdóttur og Valdísar Eyjólfsdóttur. Björn Bjarki Þorsteinsson er áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar.

starfsáætlun til samræmis við sameignar-samning. Starfsáætlunin gerir ráð fyrir öllum þeim verkefnum sem stjórn eru falin samkvæmt sameignarsamningi og eigendastefnu. Þannig er tryggð framfylgd eigendastefnu og stöðug árvekni, ábyrgð og yfirsýn stjórnar í rekstri fyrirtækisins.

Stjórn OR er falið það hlutverk að marka fyrirtækinu heildarstefnu og framtíðarsýn til samræmis við eigendastefnu. Stefnuþróun í dótturfélögum skal samræmast stefnuþróun móðurfélags og byggir stefnuþróun í samstæðu OR á grunni gildanna framsýni, hagsýni og heiðarleika. Á haustmánuðum 2015 lét stjórn OR vinna úttekt á stöðu stefnuskjala í samstæðu OR og skýrslu um framfylgd

eigendastefnu sem skilað var á eigendafundi í nóvember. Stefnur eru fyrirliggjandi í nær öllum þeim málaflokkum sem tilteknið eru í eigendastefnu og þær fylgja þeim leiðarljósum sem eigendur hafa sett OR.

Siðareglur gilda í samstæðunni allri þar sem er lýst þeim grundvallarreglum og kröfum um háttsemi sem stjórn og starfsfólk í samstæðu OR skulu sýna af sér við störf sín. Lögð er áhersla á heiðarleika, gagnkvæma virðingu og traust. Í leiðarljósum eigendastefnu OR er tekið fram að fyrirtækið skuli rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Hefur nú verið mótuð stefna í málaflokknum og gerð áætlun um innleiðingu og eftirfylgni.

Ákvörðun var tekin um að fylgja leiðbeinandi viðmiðum GRI (Global Reporting Initiative) um skýrslugjöf þar sem markmiðið er að miðla upplýsingum tengdum samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt. Þá ákvað stjórn OR á árinu að birta fundargögn og stuðla þannig að bættri upplýsingagjöf. Er það til samræmis við áherslu eigenda um að vera til fyrirmyndar í upplýsingagjöf til almennings.

Starfsmönnum öllum í samstæðu OR, stjórnendum og stjórnarmönnum er þakkað fyrir framlag þeirra til fyrirtækisins árið 2015.

Haraldur Flosi Tryggvason,
formaður stjórnar.





2. kafli

Frá forstjóra

Frá forstjóra



Bjarni Bjarnason
forstjóri

Mikið umbrotaskeið hefur verið í rekstri OR. Metnaðarfull markmið voru sett með Planinu, aðgerðaáætlun árána 2011 til og með 2016, og um mitt ár 2015, einu og hálfu ári fyrr en áætlað var, náðist markmið Plansins um bættu sjóðstöðu. Með hagsýni að leiðarljósi tókst að koma rekstrinum í lag og með því hefur fjárhagsstaðan batnað smám saman.

Annar mikilvægur áfangi náðist á árinu 2015 þegar eigendur OR samþykktu tillögu stjórnar um fjárhagsleg skilyrði fyrir því að arður verði greiddur til eigenda í framtíðinni. Skilyrðin snúa meðal annars að eiginfjárlutfalli, lausafjárstöðu, skuldsetningu og hlutfalli hagnaðar sem greiða má út sem arð. Tillagan, sem stjórn gerði í samræmi við eigendastefnu OR, var samþykkt samhliða af öllum sveitarfélögunum og sýnir skýran vilja þeirra til að standa vörð um þann árangur sem hefur náðst í að rétta við reksturinn og koma fjárhag OR í gott horf.

Á miðju Plantímabilinu þurfti OR að skilja að samkeppnishluta rekstursins og sérleyfshlutann, hinn hefðbundna veiturekstur, vegna kröfu í raforkulögum. Það var gert í ársbyrjun 2014. Þá birtist Orka náttúrunnar viðskiptavinum en fyrirtækið á og rekur tvær stærstu jarðgufuvirkjanir landsins, Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun, auk Andakilsárvirkjunar í Borgarfirði. ON hefur haslað sér völl með eftirtektarverðum hætti og hlaut á árinu 2015 verðskuldaða umhverfisviðurkenningu fyrir uppbyggingu nets hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla.

Áður hafði Gagnaveita Reykjavíkur verið skilin frá sérleyfisrekstri OR. Gagnaveitan býður heimilum og fyrirtækjum aðgang að Ljósleiðaranum, háhraða gagnaflutningskerfi sem eykur samkeppnishæfni íslensks samfélags. Stakkaskipti urðu í starfsemi GR á árinu 2015. Tvö af þremur stærstu sveitarfélögum landsins leituðu til fyrirtækisins um að bæta lífsskilyrði íbúa með tengingu heimila við

Ljósleiðarann og stefnumarkandi samningar voru gerðir við fjarskiptafyrirtæki. Nú, tíu árum eftir að ljósleiðaravæðing heimila í höfuðborginni hófst, er henni lokið að fullu og eru það talsverð tímamót.

Á fullveldisdaginn, 1. desember 2015, urðu líka þau þáttaskil að hinn hefðbundni veiturekstur Orkuveitu Reykjavíkur birtist viðskiptavinum undir eigin nafni og merki. Veitur er heitið á stærsta veitufyrirtæki landsins sem dreifir rafmagni, heitu og köldu vatni og rekur fráveitur á þéttbýlasta hluta landsins en þjónustuvæðið nær frá Grundarfirði austur á Hvolsvöllum. Veitur sjá þremur af hverjum fjórum landsmönnum fyrir hitaveitu, dreifa rafmagni til annars hvers Íslending og um fjórir af hverjum tíu landsmönnum fá ferska vatnið frá Veitum og skila af sér í fráveiturnar og hreinsistöðvarnar sem Veitur reka. Með því að Veitur fengu eigin fána lauk uppskiptingu OR.



VEITUR




GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR



ORKA NÁTTÚRUNNAR

OR Orkuveita Reykjavíkur



Skipurit samstæðu, mars 2016

Um leið og Veitur hófu sína vegferð var einkennismerkið sem Orkuveita Reykjavíkur hafði starfað undir frá stofnun, árið 1999, lagt til hliðar. Hlutverk OR er líka gerbreytt. Meginverkefni móðurfélagsins OR er nú að styðja við dótturfélögin, Veitur, ON og Gagnaveituna svo þau geti sem best sinnt sínu mikilvæga hlutverki sem innviðir íslensks samfélags. OR er því þjónandi móðurfélag eins og framsetning samstæðumerkis OR ber með sér. Dótturfélögin eiga í hinum mikilvægu daglegu samskiptum við viðskiptavinum og njóta til þess stuðnings okkar sem starfa hjá móðurfélaginu.

Við höfum valið þá leið að móðurfyrirtækið heldur utan um flest það sem snýr að fjármálum fyrirtækjanna, rekur sameiginlegt þjónustuver, sér um reikningagerð, starfsmannahald og skjalavörslu og byggir upp vísindalega þekkingu á sameiginlegu Próunarsviði. Þá starfa hjá móðurfélaginu faglegir leiðtogar sem eru fyrirtækjunum

til stuðnings og leiðsagnar til að mynda í umhverfismálum, öryggis- og heilsufarsmálum starfsfólks, gæðamálum og lögfræðilegum álitafnum. Þessi skipan var með svipuðu sniði áður en meginbreytingin er sú að viðskiptavininum er nú þjónað af sjálfstæðum félögum með eigin stjórnir.


Fá fyrirtæki á Íslandi þjóna fleiri viðskiptavinum en Orkuveitusamstæðan. Sú breyting sem orðin er með uppskiptingu Orkuveitu Reykjavíkur er veruleg og fyrirtækið hefur kappkostað að kynna hana fyrir almenningi. Engu að síður hefur hún ekki verið áberandi í opinberri umræðu. Vonandi er það til marks um að fólk sé ánæggt með hvernig til hefur tekist. Á endanum verður frammistaða okkar dæmd af því hvernig við stöndum okkur í að sinna þeirri þjónustu sem fyrirtækjunum er trúð fyrir.

Sú skýrsla sem hér er gefin um reksturinn á árinu 2015 á að gefa þeim sem láta sig starfsemina varða færi á að meta árangurinn. Í Ársskýrslu, Umhverfisskýrslu og Ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015 eru í fyrsta sinn settar fram upplýsingar samkvæmt alþjóðlegu viðmiði um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Stuðst er við svokallað GRI framsetningu en þannig viljum við aðstoða lesandann við að meta hvort starfsemi OR samstæðunnar sé sjálfbær og hvort hún sé líkleg til að standast tímans tönn. GRI viðmiðin innifela rúmlega hundrað sjálfbærnivísa og í ársskýrslunni gerum við grein fyrir stöðu þeirra flestra eins og við metum hana hjá OR.


Menning í OR samstæðunni hvílir á þremur gildum en þau eru framsýni, hagsýni og heiðarleiki. Traust menning á svo aftur að tryggja að við sinnum störfum okkar í góðri sátt við umhverfi og samfélag.

3. kafli

Árið í hnotskurn








4. kafli

Fjármál

Fjármál


Þær róttæku aðgerðir sem gripið var til í rekstri og fjármálum Orkuveitu Reykjavíkur vorið 2011 hafa skilað fyrirtækinu traustri og stöðugri afkomu síðustu ár. Planið, aðgerðaáætlunin sem OR og eigendur fyrirtækisins komu sér saman um, hefur skilað tilsettum árangri og gott betur. Innri aðgerðir, aðhald í rekstri og sala eigna, höfðu í árslok 2015 skilað 34 milljörðum króna í bættri sjóðstöðu og ytri aðgerðir, lán frá eigendum og leiðrétting gjaldskráa, 21 milljarði til viðbótar. Samtals eru það 55 milljarðar króna. Takmarkið sem ná átti fyrir árslok 2016 var 51 milljarður. Árangurinn er því talsvert umfram markmið.

REKSTUR OR 2010-2014




Grunnurinn að bættri afkomu OR á tímabilinu er aðhald í rekstri á sama tíma og tekjur hafa vaxið lítillega, einkum framan af því tímabili sem myndin sýnir. Stöðugleiki í tekjum, þrátt fyrir breytingar í ytri aðstæðum, og varanlegur sparnaður hefur skilað stöðugri afkomu sem nýst hefur til að greiða niður skuldir samstæðunnar.

EBITDA FRAMLEGÐ



Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár allt frá því að lokaáfangi Hellsheiðarvirkjunar var tekinn í notkun árið 2011 en það ár var líka upphafsár Plansins.


SKIPTING TEKNA EFTIR STARFSPÁTTUM



Tekjum af sérleyfisstarfsemi OR eru sett mörk í lögum og reglugerðum. Raforkutekjur OR skiptast milli dreifingar og sölu og síðan skiptist salan á milli almenns markaðar og stórnotenda. Hitaveitur OR þjóna um þremur af hverjum fjórum Íslendingum og er það víðfeðmasta veitupjónusta fyrirtækisins. Tekjur OR af fráveitu þurfa að standa undir miklum fjárfestingum í fráveitukerfunum.


REKSTUR

REKSTRARTEKJUR




Tekjuaukning OR á árabílinu 2011-2015 skýrist af leiðréttingu gjaldskráa veitna, framleiðsluaukningu Hellisheiðarvirkjunar og stíðganda í sölu á heitu vatni. Lágt álverð 2015 vann á móti þessari þróun.

REKSTRARGJÖLD




Stærsti áhrifapáttur þess að rekstrarkostnaður OR jókst á milli ára er aukin raforkukaup til endursölu. Kjarasamningar á árinu 2015 hækkuðu einnig launakostnað en annar rekstrarkostnaður stóð nánast í stað.

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD




Reiknaðar stærðir sem ekki snerta sjóðstreymi OR en færast til rekstrar hafa veruleg áhrif á reiknaða afkomu. Verðmæti innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum lækkaði verulega á árinu 2015. Á móti hækkaði gengi bandaríkjadals en lækkanði álverð skýrir stærstu einstöku breytinguna í rekstrarreikningi OR á milli árunna 2014 og 2015.

AFKOMA ÁRSINS




Með stöðugum rekstrarhagnaði síðustu ára og minnkandi áhrifum álverðs og gengis með áhættuvörnum er aukinn stöðugleiki að komast á heildarafkomu OR.

EIGNIR




Virkjanir og veitukerfi OR hafa haldið bókfærðu verðmæti sínu og vel það undanfarin ár. Frá árinu 2011 hefur OR selt eignir sem ekki voru nauðsynlegar kjarnastarfseminni. Með því hefur verðmæti annarra fastafjármuna dregist saman en veltufjármunir aukist að sama skapi. Skuldabréf sem fékkst við eignasölu gjaldfellur á árinu 2016 og færast því úr fastafjármunum yfir í veltufjármuni milli árána 2014 og 2015.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ




Eigið fé OR hélt áfram að vaxa á árinu 2015 og nam í árslok 114,8 milljörðum króna. Langtímaskuldir OR hafa lækkað um 46 milljarða króna á árabílinu.

LAUST FÉ




Pung skuldastaða OR og miklar afborganir undanfarin ár kölluðu á að meira laust fé væri fyrir hendi. Frekari aukning þess er eitt af verkefnum sem unnið er að í samræmi við áhættustefnu OR

NETTÓ SKULDIR




Árið 2013 var þýngsta afborganaár í sögu OR. Markmið Plansins var að afla fjár sem nægði til að standa við skuldbindingar þess árs og tókst það. Nettó vaxtaberandi skuldir OR lækkuðu á árinu 2015 um 14 milljarða króna. Þær námu í árslok 150 milljörðum króna.

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI




Aukið handbært fé var OR nauðsynlegt til að greiða skuldir fyrirtækisins til að greiða af skuldum og mæta sveiflum í ytri áhrifaþáttum á afkomuna.

LÁNASAFN MEÐ OG ÁN ÁHÆTTUVARNA




Gjaldeyrissamsetning tekna OR samstæðunnar er með öðrum hætti en samsetning skulda. Markmið eflra gjaldeyrisvarna er að draga úr rekstraráhættu vegna þessa misvægis. Ytri hringurinn sýnir lánasafn OR með vörnum; innri hringurinn án gjaldeyrisvarna.




Myndin sýnir þá þætti sem höfðu áhrif á handbært fé OR á árinu 2015. Lengst til vinstri sést staða þess í ársbyrjun og lengst til hægri í árslok. Fjárfestingar tvöfölduðust milli ára 2014 og 2015. Næstu fimm ár er stefnt að greiðslu skulda sem nemur 15,6 milljörðum á ári að meðaltali.

FJÁRFESTING Í REKSTRARFJÁRMUNUM




Fjárfestingar fyrirtækjanna innan OR samstæðunnar tvöfölduðust milli ára 2014 og 2015 og námu 10,2 milljörðum króna á síðasta ári. Uppbygging nýrra fráveitukerfa á Vesturlandi hófst að nýju 2015 og lögð var gufulögn sem tengir Hellsheiðarvirkjun við jarðhitasvæðið í Hverahlöð.

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR




Frá því Planið gekk í gildi hefur OR greitt lán fyrirtækisins hratt niður. Árið 2013 var sérlega þungt en á því fimm ára tímabili sem myndin sýnir var 67,6 milljörðum króna meira greitt af lánun en tekið að láni.

EIGINFJÁRHLOTFALL




Eigninfjárhlotfall OR fór lægst í um 14% eftir hrun. Með bættri afkomu rekstursins og örrí endurgreiðslu lána hefur eigninfjárhlotfall hækkað síðustu ár. Eigið fé OR nam 114,8 milljörðum króna í árslok 2015.

VELTUFJÁRHLOTFALL




Vorið 2011 þegar Planinu var hleypt af stokkunum blasti við fyrirtækinu mjög erfið lausafjárstaða, ekki síst þar sem aðgangur að fjármálamörkuðum var ekki fyrir hendi. Árangur Plansins og aðrar aðgerðir til að styrkja sjóðsstöðu fyrirtækisins hafa bætt veltufjárhlotfallið. Það þarf að styrkja enn betur.

NET DEBT / EBITDA



Mælikvarðinn sýnir hversu mörg ár það tæki OR að greiða upp skuldir fyrirtækisins ef allri framlegð rekstursins væri varið til þess. Mikil niðurgreiðsla lána og stöðug framlegð hefur stýtt þennan tíma um meira en helming frá árinu 2010 og um tvo þriðju frá árinu 2009.


ARÐSEMI FJÁRMAGNS (ROCE)



Í eigendastefnu OR er kveðið á um innleiðingu mælikvarða sem sýni arðsemi þess fjármagns sem eigendur hafa bundið í rekstrinum. Hún skal að lágmarki vera umfram fjármagns-kostnað fyrirtækisins að viðbættu eðlilegu áhættuálagi.

PLANIÐ

ÁRANGUR PLANSINS



Aðgerðaáætlun eigenda og OR, Planinu var hleypt af stokkunum í byrjun apríl árið 2011. Skýrsla um framgang þess hefur verið gefin út ársfjórðungslega síðan. Planið er forgangsverkefni. Markmið þess er að bæta sjóðsstreymi ekki síst með því að byggja upp sparnaðarmenningu innan fyrirtækisins. Þróun ytri þátta hefur orðið óhagstæðari en gert var ráð fyrir en með markvissum aðgerðum hefur tekist að vega þetta upp þannig að heildarárangurinn í árslok 2015 var 8,2 milljörðum króna umfram markmið, eða 18%.

PLANIÐ

Planið - Ma.kr	Planið		Raun
	2011-2016	2011-2014	
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	12,3	✓ 15,1
Eignasala	10,0	10,0	✗ 9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	4,0	✓ 6,3
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	1,1	✓ 1,4
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	0,9	✓ 2,2
Samtals - Innri aðgerðir	31,3	28,3	✓ 33,9
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	12,0	✓ 12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	6,5	✓ 9,1
Samtals - Ytri aðgerðir	20,0	18,5	✓ 21,1
Samtals aðgerðaráætlun	51,3	46,8	✓ 55,0

LÁNSHÆFISMAT

Lánshæfismat er mikilvægt þeim fyrirtækjum sem skipta við erlendar fjármálastofnanir. Matið hefur þann tilgang að gefa lánveitendum óhlutdræga mynd af stöðu af stöðu og framtíðarhorfum fyrirtækisins. Lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur og annarra íslenskra fyrirtækja getur aldrei orðið hærri en einkunn ríkissjóðs. Einkunnagjöf OR nýtur góðs af ábyrgðum eigenda á lánum. Í dag meta þrjú fyrirtæki lánshæfi Orkuveitu Reykjavíkur: alþjóðlegu fyrirtækin Moody's og Fitch Ratings og Reitun innanlands.

	Moody's	Fitch Ratings	Reitun
Langtímaeinkunn	Ba3	BB-	i.AA3
Horfur	Stöðugar	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	Des. 2015	Des. 2015	Mars 2016



5. kafli

Veitur

Veitur

Veitur sjá um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru rekin með sérleyfi. Þær dreifa rafmagni, heitu og köldu vatni auk þess að reka fráveitur á þéttbýlasta svæði Íslands. Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins. Frá uppskiptingu OR í ársbyrjun 2014 voru Veitur reknar undir merki Orkuveitu Reykjavíkur en 1. desember 2015 birtust Veitur undir eigin nafni og merki. Í árslok 2015 voru fastráðnir starfsmenn Veitna 164 talsins. Þar af búa 84,5% á höfuðborgarsvæðinu, 9,8% á Vesturlandi og 4,3% á Suðurlandi.

Traustur rekstur 2015

Starfssvæði Veitna nær frá Grundarfirði í vestri til Hvolsvallar í austri. Innan starfssvæðisins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes. Í þeim búa um 64% þjóðarinnar og í heild þjóna Veitur um þremur af hverjum fjórum landsmönnum með einhverjum hætti. Auk þess heimsækja höfuðborgarsvæðið nánast allir ferðamenn sem koma til Íslands. Sjálfbærni þeirra samfélaga sem Veitur þjóna veltur því að talsverðu leyti á því hvernig fyrirtækinu tekst að sinna hlutverkum sínum: að afla nægilegs og góðs vatns til neyslu og brunavarna, að skila rafmagni af réttum gæðum og miklu öryggi til viðskiptavina, að útvega og dreifa nægu heitu vatni og að meðhöndla og skila skólpi frá samfélögunum á hættulausan hátt. Þessi starfsemi þarf að bera sig fjárhagslega með sem minnstum umhverfisáhrifum svo veitureksturinn og samfélögin sem hann þjónar fái staðist til langs tíma.

Íbúar ganga út frá því að vatn komi úr krananum og að straumur sé á innstungunni. Það gera Veitur líka. Þess vegna er mikil

áhersla lögð á upplýsingagjöf til viðskiptavina, beri eitthvað útaf í þjónustu veitnanna. Standi viðhald fyrir dyrum sem hefur áhrif á afhendingu eru miðar bornir í hús og SMS-skeyti send þeim viðskiptavinum sem fyrirtækið hefur númer hjá. Við stærri truflanir eru fréttir birtar á vef Veitna og fésbókarsíðu og tilkynningar sendar fjölmiðlum sé umfang einstakra truflana mjög mikið. Þjónustuvakt er opin allan sólarhringinn og leysa starfsmenn hennar úr margvíslegum erindum viðskiptavina. Sumar truflanir í veitukerfunum geta verið hættulegar öryggi fólks. Eingöngu kemur heitt vatn úr blöndunartækjum við kaldavatnsleysi og við rafmagns- eða heitavatnsleysi geta tæki í gangi eða opinn krani leitt til hættu þegar þjónusta kemst á að nýju. Í skilaboðum til viðskiptavina er jafnan varað við hættu af þessum toga.

Þjónusta og upplýsingatækni

Þjónustusvið er eitt þriggja sviða móðurfélags OR. Hlutverk þess er framlínubjónusta fyrir dótturfélögin í þjónustuveri og á vettvangi auk reikningaútgáfu og reksturs mælasafns Veitna. Á árinu 2015 var haldið áfram að byggja upp aukna sjálfsþjónustu viðskiptavina á vefnum sem er vitaskuld opinn allan


sólarhringinn. Jafnframt var tekið í notkun nýtt þjónustuborð þjónustufulltrúa sem er hugbúnaður sem veitir þeim aðgang að öllum helstu upplýsingakerfum sem á þarf að halda við afgreiðslu erinda viðskiptavina. Endurbæturnar miða að því að innan skamms geti viðskiptavinir sinnt öllum sínum algengustu erindum í samskiptum við OR samstæðuna á vefnum, svo sem þegar þeir flytja, vilja senda inn álestur af notkunarmælum, sækja um heimlögn, breyta greiðslumáta eða verða sér úti um teikningar. Markmiðið er að einfalda samskiptin fyrir viðskiptavininn.

Þó snjallvæðing samskiptanna skipti miklu máli er ekki siður mikilvægt að starfsfólk fyrirtækisins sé reiðubúið á vettvangi að veita ráð. Því hefur þjónustusviðið lagt mikið upp úr þjálfun starfsfólks til að leiðbeina viðskiptavinum í erindagjörðum þeirra. Jafnframt því geta viðskiptavinir óskað eftir heimsókn komi upp vandamál í tengslum við veiturnar.


Hitaveita

Hitaveitureksturinn gekk vel á árinu 2015. Veitur vinna nú að ítarlegri skráningu á bilunum og öðru því sem leitt getur til þess að viðskiptavinir verði fyrir skertri þjónustu.


HLUTFALL ÍSLENDINGA SEM HVER VEITA ÞJÓÐAR



Veitur þjóna um þremur af hverjum fjórum landsmönnum með einhverjum hætti, flestum með hitaveitu. Auk reksturs fráveitukerfis fyrir um 40% þjóðarinnar taka hreinsistöðvar Veitna í Reykjavík við skólpi frá nokkrum nágrennabyggðum.



Árið 2015 var metár í notkun á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu. Lofthiti var lægri en 2014, árið var vindasamara og sólarminna. Það húsnaði sem hita þurfti upp hafði líka aukist.



Laugarnessvæðið sem lengst hefur verið nýtt til orkuvinnslu á stærri hlutdeild í orkuöfluninni en myndin sýnir. Vatnið þaðan er 120° gráðu heitt og er drýgt með því að blanda því við bakrennslisvatn í geymunum á Öskjuhlíð. Hlutdeild virkjana ON á Hengilssvæðinu í vatnsöfluninni fer smátt og smátt vaxandi.

Reikna má með að þau gögn verði birt í næstu ársskýrslu en vísbendingar úr þessu þróunarverkefni eru um að afhendingaröryggi sé gott og fyllilega viðunandi. Umfangsmesta bilunin varð í vesturhluta Reykjavíkur síðla sumars. Þá varð hluti Skólavörðuhólts og Vesturbæjar vatnslaus hluta úr degi. Í mars þurfti að loka fyrir heitt vatn í Vesturbæ vegna viðgerða en þá var hægt að láta íbúa vita fyrirfram. Leki í aðveituæð hitaveitunnar í Garðabæ í september og trúflun á afhendingu þar bættist við nauðsynlegar lokanir um svipað leyti vegna viðhalds á götu- og heimæðum í bænum.

Árið 2015 var metár í notkun á heitu vatni hjá Veitum. Því réði ekki einungis aukið húsrými sem hita þurfti upp heldur var tíðarfar venju fremur svalt, sólarlítið og vindasamt. Jafngildishiti sem Veitur reikna út frá þessum veðurfarspáttum var um tveimur gráðum lægri en í meðalári þótt lofthiti hafi ekki verið nema einni gráðu lægri. Vel gekk að sinna þessari miklu eftirspurn en nú stendur einnig yfir viðamikil greiningarvinna á því hvenær hagkvæmt er að ráðast í byggingu 2. áfanga varmastöðvar í Hellisheiðarvirkjun. Nú er gert ráð fyrir því að framleiðsla frá honum verði tiltæk árið 2020 en hvert ár sem því er flýtt án þess að þörf sé fyrir aukin afköst kostar um 200 milljónir króna.

Á næstu árum stendur fyrir dyrum að endurnýja mikilvægar stofnaðar í hitaveitum Veitna. Á höfuðborgarsvæðinu ber þar hæst endurnýjun Reykjaæða sem flutt hafa heitt vatn frá lághitasvæðunum í Mosfellsbæ í geymana á Öskjuhlíð allt frá árinu 1947. Þær voru síðast endurnýjaðar í heild á

8. áratug síðustu aldar. Nágrannar æðarinnar, sem gjarnan nota hitaveitustokkinn til gönguferða, verða þessa örugglega varir og munu Veitur leggja sig fram um að veita þeim sem gleggstar upplýsingar um framkvæmdirnar þegar nákvæmt umfang og tímasetningar liggja fyrir. Aukin áhersla er lögð á öryggismál við þessar framkvæmdir eins og aðrar á vegum Veitna. Hertar öryggiskröfur ná ekki einungis til íbúa, heldur einnig til starfsmanna verktaka og starfsmanna Veitna sjálfrá. Veitur líta svo á að ekkert verk sé svo mikilvægt að rétt sé að hætta lífi eða heilsu við að inna það af hendi.

Endurnýjun hinnar 70 kílómetra löngu aðveituæðar hitaveitu Veitna frá Deildartunguhver var fram haldið á árinu 2015. Afhendingaröryggi á Akranesi sem er fjölmennasta byggðarlagið sem hún þjónar var stórlega aukið á árinu 2014 með byggingu stærri geymis fyrir heitt vatn og mun aukin miðlunargeta koma sér vel þegar loka þarf fyrir Deildartunguæðina vegna tenginga nýrra hluta hennar. Þá er ótalinn sá ávinningur að endurnýjaði hluti æðarinnar er stálþipa sem leysir brothættara efni af hólmi.

Vatnsveita

Vatn er hverjum manni lífsnauðsyn. Mikilvægi aðgangs að hreinu og heilnæmu vatni verður því seint metið á hefðbundna mælikvarða. Veitur afla vatns fyrir Mosfellsbæ, Seltjarnarnes auk Reykjavíkur, þar sem fyrirtækið dreifir því líka. Að auki reka Veitur vatnsveitur á Akranesi, í Borgarbyggð, Grundarfirði, Stykkishólmi auk sumarhúsaveitu í Biskupstungum. Vatnsveitan var stofnuð 1909 og er því elsta veitan og sú mikilvægasta. Það

er Veitum mikið metnaðarmál að tryggja viðskiptavinum, íbúum, fyrirtækjum og slökkviliði nauðsynlegan aðgang að nægu vatni með traustum rekstri veitnanna.

Á árinu 2015 náðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samstöðu um nýtt svæðis- skipulag höfuðborgarsvæðisins. Það var undirritað af umhverfisráðherra og sveitarstjórum allra sveitarfélaganna sex þann 29. júní og gefið út undir heitinu Höfuðborgarsvæðið 2040. Samhliða var samþykkt skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Veitur hefðu kosið enn meiri vatnsvernd en skipulagið felur í sér en líta svo á að sú málamiðlun sem sátt náðist um sé ákaflega mikilvæg fyrir vatnsveitu Veitna og aðrar vatnsveitur á svæðinu. Í þessu skipulagi er einmitt hvatt til aukins samstarfs vatnsveitnanna og skoðað hvort öryggi felist í því að tengja þær saman.

Vatnsverndarsvæðin í nýja skipulaginu eru stærri og byggir skilgreining þeirra á nýjum aðferðum og ítarlegri rannsóknunum á straumi grunnvatns og yfirborðsvatns. Sú vísindalega þekking er mikilvæg þegar og ef ágreiningur myndast um landnýtingu á þessu stóra svæði í jaðri byggðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Vatnsverndarsvæðin sem teygja sig allt frá Elliðaavatni upp í Bláfjöll eru eftirsótt jafnt til útivistar, ábúðar og atvinnureksturs, ekki sist með fjölgun ferðamanna. Þeir hagsmunir sem takast á um nýtinguna eru því fjölbreyttari en fyrir nokkrum áratugum þegar Heiðmörkin var torfær hraunbreiða. Jafnframt hefur breytt þjóðlíf aukið hættu á mengun vatnsbólanna og má þar nefna ný hesthúsahverfi í grenndinni, stórauðna bílaumferð innan svæðanna



Undirritun nýs svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins markaði vatnaskil í vatnsverndarmálum.

og á jaðri þeirra og íbúðabyggingu sjálfa sem liggur víða að verndarsvæðunum og jafnvel innan þeirra. Á næstu mánuðum og árum mun örugglega reyna á nýja vatnsverndarskipulagið og hversu vel það reynist þegar ýmsum mun þykja vatnsverndarsjónarmiðin skerða sína hagsmuni. Í slíkum málum munu Veitur verja vatnsbólin af einurð.

Sá óvenjulegi atburður varð í mars 2015 að mikill leki kom að sjávarlagn sem flytur ferskvatn úr Heiðmörk á Kjalarnes. Í ljós kom að umsvif dælskips, sem notað er til malar-náms af hafsbótnei, höfðu eyðilagt lögnina. Góðu heilli ráða Veitur yfir varavatnsbóli við Vallá á Kjalarnesi sem grípa mátti til því tíma-frekt er að endurnýja lögnina á hafsbótnei. Lagnir af þessu tagi njóta sérstakrar verndar og var því í kjölfar þessa atburðar farið í sérstaka rýni á útgefnum námaleyfum á Sundunum við Reykjavík með tilliti til legu vatns- og gaslagna Veitna.

Árið 2015 var annars farsælt í rekstri vatns-veitnanna. Ráðist var í endurnýjun stórrar aðveituæðar við Krínglumýrarbraut og Háteigsveg í Reykjavík sem treystir flutning á miklu vatnsmagni milli borgarluta ef á þarf að halda, svo sem við stóra eldsvoða.

Fráveita

Eftir nokkurra ára frestun vegna fjárhagserfið-leika í kjölfar hrunsins, hófst á ný uppbygging nýrra fráveitukerfa á Vesturlandi árið 2015. Kerfnið, sem hófst árið 2007, er mjög umfangsmikið, einkum á Akranesi og í Borgarbyggð. Í uppsveitum Borgarfjarðar reka Veitur fjórar lífrænar hreinsistöðvar, dælu- og hreinsistöðvar hafa verið byggðar í Borgarnesi, á Akranesi og á Kjalarnesi og endurbætur gerðar á stofnæsnum eða

ný lögð. Það sem út af stóð þegar frekari uppbyggingu var frestað árið 2011, var að koma búnaði fyrir í stöðvum og leggja sjó-lagnir. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu fyrir árslok 2016 og verða fráveitumál þessara sveitarfélaga þá komin í það horf sem lög, reglugerðir og eðlilegar umhverfiskröfur íbúa segja til um.

Reykjavík býr að því að hafa ráðist í umbætur af þessu tagi fyrir hartnær 20 árum. Þá hreinsuðust fjörunnar af skólpi sem er megin-forsenda þess að sjósund sé stundað við strendur borgarinnar. Það veltur þó á því að hreinsibúnaður sé í lagi og fráveitukerfið virki sem skyldi. Í mesta úrhelli kemur fyrir að kerfið hefur ekki undan og yfirfall verður í dælu- og hreinsistöðvum. Það sama getur gerst við bilanir eða reglubundið viðhald búnaðar. Í tilefni af alþjóðlegum klósettdegi Sameinuðu þjóðanna 19. nóvember 2014 og 2015 gengust Veitur fyrir átaki til að upplýsa fólk um það sem megi og megi ekki losa í klósettið. Sé klósettið notað eins og ruslafata skapar það mikið álag á fráveitukerfið og veldur sliti og bilunum í búnaði hreinsistöðv-anna. Afleiðing þessa er ekki bara aukinn kostnaður heldur líka mengaður strandsjór. Önnur veitufyrirtæki eru farin að taka þátt í átakinu.

Á árinu 2015 náðist markverður árangur í að minnka urðun úrgangs frá hreinsistöðvum fráveitu í Reykjavík. Að jafnaði voru rúmlega 1.000 tonn af úrgangi úr hreinsistöðvum urðuð á ári Keyptur var búnaður til að minnka vökva í úrganginum með þeim árangri að á árinu 2015 vó urðuð úrgangur rúmlega 500 tonn. Þetta hafði einnig í för með sér að ólykt hefur minnkað verulega. Endurbætur af þessu tagi draga úr óæskilegum umhverfis-

áhrifum starfseminnar og bæta aðstæður þeirra sem vinna í stöðvunum.

Rafveita


Síðustu 100 árin hafa samfélög manna þróast með þeim hætti að þau eru nánast óstarfhæf án rafmagns. Það getur verið notalegt að sitja heima við kertaljós um stund en lundin fer fljótt að stirðna þegar upplýsingataeki hætta að virka, matur að skemmast eða ekki er hægt að elda hann. Atvinnulíf, hvort heldur er í framleiðslu eða þjónustu, larnast í rafmagns-leysi og líf og heilsa margra liggur við, verði hjúkrunar- eða öryggistæki óvirk í straumleysi. Í samstarfi við önnur lykilyrirtæki í raforkukerfi Íslands, æfði starfsfólk Veitna skömmun á rafmagni á árinu 2015. Það var í senn lærdómsríkt og nauðsynlegt í ljósi ýmissar náttúruvávar sem öflun orku og flutningur hennar milli landshluta búa við. Auk eldgosa, jarðskjálfta og ofanflóða geta óveður gert óskunda í raforkukerfinu. Íbúar á rafdreifi-svæði Veitna búa þó við þann kost að lang-stærstur hluti dreifikerfisins er í jörðu. Þannig urðu ekki verulegar truflanir á afhendingu rafmagns hjá fyrirtækinu í miklum óveðrum á síðari hluta ársins 2015 sem öllu viðtæku og sums staðar langvinnu straumleysi.

Á árinu hófst bygging nýrrar aðveitustöðvar rafmagns á Akranesi. Aðveitustöðvar veitna eru ellefu talsins og gegna því hlutverki að taka við mjög háspennu rafmagni ýmist frá flutningsneti landsins eða öðrum aðveitu-stöðvum innan dreifisvæðisins, lækka spennuna og tengja það svo dreifikerfum innan byggðarlaga. Nýja stöðin mun styrkja raforkukerfið á Skaganum og gera Veitum betur kleift að sinna þörfum fiskvinnslu í bænum sem hefur skipt úr mengandi olíu-bruna við bræðslu yfir í endurnýjanlega raforku. Aflagnir eldri stöðvar, sem fyrir-

Fjöldi mæla á þjónustusvæði OR

- 94.000 mælar fyrir rafmagn
- 54.000 mælar fyrir heitt vatn
- 2.600 mælar í fyrirtækjum og stofnunum fyrir kalt vatn

STRAUMLEYSISMÍNÚTUR Á NOTANDA 2009-2015



Áreiðanleiki rafveitna er meðal annars metinn með því að deila samanlögðu umfangi rafmagnsleysis hvers árs niður á hvern notanda rafveitunnar. Árin 2011 og 2013 voru rafveitu Veitna sérlega góð en síðasta ár nær því sem alengt er í grannlöndum. Reiknað til prósentu var afhendingaröryggi rafmagns á árinu 2015 99,996%.

huguð er 2016, mun jafnframt skapa bænum byggingarland í framhaldi af eldri byggð.

Upplýsingatækni verður sífellt mikilvægari í rekstri raforkukerfa eins og víða í samfélaginu. Veitur hófu á árinu 2015 uppsetningu nýs kerfiráðs fyrir rafdreifikerfið. Kerfiráður er sérhæfur tölvu- og vélbúnaður til eftirlits með kerfinu og stýringar á rafstraumum um það. Bylting verður í vinnuáðstöðu í stjórnstöð Veitna með tilkomu nýja búnaðarins og þær auknu fjarstýringar kerfisins, sem nýi kerfiráðurinn býður upp á, gera starfsfólki stjórnstöðvar kleift að bregðast hraðar við bilunum í háspennu hluta dreifikerfisins. Rafmagnsleysi hjá viðskiptavinum af þeim

sökum á því að verða skammvinnara.

Snjallmælingar

Það er ekki bara í stjórnstöð Veitna sem snjallvæðing stýringar á orkustraumum stendur fyrir dyrum. Fjöldmörg fyrirtæki búa yfir stýrikerfum til að bæta nýtingu orku og vatns og síðustu ár hefur heimilistækjum sem geta skipst á gögnum við stýribúnað af ýmsu tagi fjölgað mjög. Til að nýta möguleika þessara tækja til fulls þurfa í mörgum tilvikum að vera til staðar mælingar á orkunotkun heimilanna sem mælitækin sjálf geta miðlað.

Á árinu 2015 tókust samningar milli Veitna og Frumherja um að Veitur eignuðust á ný mæla


fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn á þjónustusvæðinu. Mælaþjónustan var boðin út árið 2001 og aftur árið 2007 en það fyrirkomulag var umdeilt. Mælitækin sem Veitur eignuðust eru um 150 þúsund talsins. Ör tækniþróun er á sviði mælabúnaðar og snjallvæðingunni sem framundan er vilja Veitur stýra án milliliða milli fyrirtækisins og viðskiptavina.

Stjórn

Stjórn Veitna skipuðu Ingvar Stefánsson, formaður, Guðrún Sævarsdóttir og Skúli Skúlason. Framkvæmdastjóri Veitna er Inga Dóra Hrólfsdóttir.

NIÐURSTAÐA ÞJÓNUSTUKANNANA OR 2015

Á heildina litið, hversu ánægður eða óánægður var viðskiptavinurinn með þjónustuna 2015?



Á tveggja mánaða fresti er gerð könnun á ánægju þeirra viðskiptavina sem verið hafa í sambandi við fyrirtækið í tengslum við þjónustu þess. Niðurstöðum er skipt eftir því hvort viðkomandi hefur haft samband við OR eða hvort starfsmaður Veitna hefur sótt viðskiptavininn heim af einhverjum ástæðum. Unnið er úr niðurstöðunum með skipulegum hætti til að bæta þjónustu OR.



6. kafli

Orka náttúrunnar

Orka náttúrunnar

Orka náttúrunnar framleiðir og selur landsmönnum rafmagn og framleiðir heitt vatn fyrir hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu. Lykilþættir í árangri fyrirtækisins eru sjálfbær orkuvinnsla, hagkvæmur rekstur, framúrskarandi þjónusta og samkeppnishæft verð. Fastráðnir starfsmenn Orku náttúrunnar (ON) voru 61 í árslok 2015. Þar af þjuggu 88,5% þeirra á höfuðborgarsvæðinu, 9,8% á Suðurlandi og 1,6% á Vesturlandi.

ON á og rekur þrjár virkjanir: Hellsheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun sem nýta jarðgufu á Hengilssvæðinu og Andakilsárvirkjun sem er vatnsaflsvirkjun í Borgarfirði. ON er umsvifamesti framleiðandi endurnýjanlegrar orku úr jarðgufu á Íslandi. Varmaorka frá virkjununum er seld Veitum ohf. til dreifingar á höfuðborgarsvæðinu og lýtur sá hluti orkusölunnar reglum og eftirliti Orkustofnunar. ON kaupir raforku til endursölu einkum af Landsvirkjun en er einnig eini kaupandi raforku frá þremur aðilum sem reka smávirkjanir og eru ekki á almennum sölumarkaði rafmagns. Sölu ON á raforku má skipta í þrennt: smásölu til heimila og fyrirtækja á almennum markaði, þátttöku í útboðum stærri orkukaupenda, þar á meðal vegna flutningstapa Landsnets, og loks sölu samkvæmt langtímasamningum til stórnotenda. Hagkvæm miðlun við kaup og endursölu á raforkumarkaði er vaxandi þáttur í starfsemi ON og um verulega fjármuni er að tefla. Því er mikilvægt að vel takist að flétta saman eigin framleiðslu, kaup og sölu raforkunnar á harðnandi samkeppnismarkaði.

Þjónustan

ON leggur kapp á öfluga upplýsingaþjónustu við viðskiptavinum. Viðskiptastjórnir ON sinna þörfum stærri viðskiptavina með persónulegri ráðgjöf meðal annars um góða orkunýtni,

hagkvæma sölutaxta og afhendingaröryggi. Á vef fyrirtækisins er að finna öfluga reiknivél þar sem kaupendur á almennum markaði geta slegið inn forsendur eigin raforkunotkunar og fundið út hvort hún sé eðlileg miðað við aðra viðskiptavini. Á árinu 2015 hlaut vefur ON margvíslegar viðurkenningar fyrir hönnun og virkni.

Viðurkenningar www.on.in 2015

- Viðurkenning Félags íslenskra teiknara fyrir laglega hönnun
- Viðurkenningar fyrir vefhönnun frá erlendum fagaðilum (AWWWARDS og CSS Design Awards)
- Tilnefning Samtaka vefiðnaðarins sem besti fyrirtækjavefurinn
- Tilnefndur sem besti vefurinn til Nexpo vefverðlaunanna


Orka náttúrunnar fylgist með ánægju viðskiptavina meðal annars með þátttöku í Íslensku ánægjuvöginni. Á milli áruna 2014 og 2015 minnkaði ánægja með raforkusölu um 3%. Lækkunin hjá ON var 0,5% og árið 2015 var ekki tölfraðilega marktækur munur á ánægju viðskiptavina með ON og þá raforkusölu sem fékk hæstu einkunn.


Sjálfbær vinnsla

Á árinu 2015 vann ON að því að efla sjálfbærni orkuvinnslunnar á Hengilssvæðinu og snertu verkefnið í senn umhverfisþátt sjálfbærninnar, hinn fjárhagslega þátt og þann samfélagslega. Fyrirtækið var áfram í forystu innleiðingar endurnýjanlegrar orku í samgöngum á árinu og hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt til aukinnar notkunar rafmagns á bíla. Þannig var loftslagsumræðan í brennidepli, loftgæði einnig og eftirtektarverður árangur náðist í endurheimt landgæða á Hengilssvæðinu.

Orkan frá virkjununum, hvort sem hún er í formi rafmagns eða varma, er endurnýjanleg. Að neðan kemur stöðugur varmi og aðstreymi vatnsins sem hitnar í berggrunninum er linnulaust. Það er hinsvegar talsverð jafnvægislist að nýta þessa miklu orkulind með sjálfbærum hætti; að umhverfisáhrif séu viðunandi, samfélagið njóti góðs af í bráð og lengd og að fjárhagslegt vit sé í nýtingunni. Endanlegu jafnvægi verður hinsvegar seint náð. Því ræður ekki eingöngu hversu kvik auðlindin er heldur breytast einnig kröfur til umhverfisáhrifa orkuvinnslunnar og verðsveiflur á samkeppnismörkuðum hafa vitaskuld áhrif á afkomuna.

FRAMLEIÐSLA Á HEITU VATNI Í VIRKJUNUM ON 2001-2015





Nýr stórnotandi í viðskipti

Í september 2015 gerði ON samning við stórnotanda raforku. Er það í fyrsta sinn frá stofnun fyrirtækisins í ársbyrjun 2014. Sólarkísilframleiðandinn Silicor Materials var viðsemjandinn en fyrirtækið hyggst byggja upp framleiðslu sína á Grundartanga. Á næstu misserum renna út samningar um orkusölu til Landsvirkjunar sem OR gerði á árunum 1997 og 2000. Með samningi ON við Silicor tryggir fyrirtækið sölu á raforkunni sem bundin var í þeim samningum og þarf því ekki ráðast í nýja virkjun til að afla orkunnar. Auk þess að tryggja sölu raforkunnar hækkar verðið verulega sem ON fær með nýja samningnum og þá er flutningur orkunnar ekki innifalinn í verðinu. Þar með minnkar áhætta ON af því að þróun flutningskostnaðar verði fyrirtækinu óhagstæð.

Í samanburði við aðra stóriðju á Íslandi hefur sólarkísilverksmiðja Silicor lítil umhverfisáhrif. Því var það niðurstaða Umhverfisstofnunar að uppbyggingin þyrfti ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum. Framleiðsla Silicor er ætluð til framleiðslu á búnaði til raforkuframleiðslu úr sólarljósi. Þannig er endurnýjanleg orka hér á landi nýtt til að efla framleiðslu á grænni orku annarsstaðar.

Gufuöflun

Mesta fjárfesting ON á árinu 2015 var gufulögn sem tengir jarðhitasvæðið undir Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun. Markmið verkefnisins er að treysta gufuöflun til orkuvinnslunnar og nýta þar með betur vélarfl hennar. Þrátt fyrir rýsjótta tíð með miklum snjóalögum á Hellisheiði sóttist verkið vel.

Umfang þess má ráða af því að með Hverahlíðarlögn eykst samanlögð lengd gufulagna virkunarinnar um tæplega þriðjung. Það er

sérstaklega ánægjulegt að á árinu 2015 varð ekkert fjarveruslys við þessa miklu framkvæmd. ON telur að það megi þakka skýrari kröfum fyrirtækisins um öryggi í útboðsverkum, öflugu eftirliti fyrirtækisins og frábæru samstarfi við verktaka. Á fyrstu dögum ársins 2016 fór gufa að streyma eftir Hverahlíðarlögninni. Það var í samræmi við tímaáætlun verksins og um leið jukust afköst Hellisheiðarvirkjunar í réttu hlutfalli við aukna gufu.

Á árinu 2015 hófust einnig fyrstu viðhaldsboranir við virkjanir ON frá árinu 2009. Miðað við að samanlagt ástimplað afl virkjananna tveggja er 423 megavött ætti að bora eina til tvær viðhaldsholur á ári en fjárhagurinn hefur ekki leyft slíkar fjárfestingar frá hrúni. Borunin sjálf gekk vel og eftir áætlun. Árangurinn var undir væntingum en þó viðunandi. Með þessum aðgerðum – gufuöflun frá Hverahlíð og viðhaldsborunum á Hellisheiði og á Nesjavöllum – er styrkari stoðum skotið undir framleiðslu virkjananna tveggja til langs tíma.

Rekstur loftþreinsistöðvarinnar við Hellisheiðarvirkjun gekk vel á árinu 2015 en það var fyrsta heila árið í rekstri hennar. Hún skilaði það góðum árangri við aðskilnað gastegunda úr gufu virkunarinnar að ákveðið var að tvöfalda afköst hennar um mitt síðasta ár. Eftir að koltvísýringur og brennisteinsvetni hafa verið skilin frá gufunni eru þau blönduð vatni og dælt djúpt í berggrunninn í grennd við virkjunina. Þar bindast lofttegundirnar sem steindir til allrar framtíðar. Áætlað er að við árslok 2015 hafi 2.200 tonn af brennisteinsvetni og 3.900 tonn af koltvísýringi verið varanlega bundin í basaltinu á Hellisheiði.

Þau nýsköpunar- og þróunarverkefni sem þarna liggja að baki – nefnd CarbFix og SulFix – hafa vakið talsverða alþjóðlega

athygli í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum. Fjölmíðlar víða um heim með mikla útbreiðslu hafa fjallað um verkefnin á jákvæðan og hvetjandi hátt. Hér heima sjást áhrif þeirra á opinbera umræðu þó einna helst í því að áhyggjur af útblæstri brennisteinsvetnis virðast hafa minnkað. Tilraunarekstur á útblástursháfi við Hellisheiðarvirkjun hófst einnig á árinu 2015. Tilgangur hans felst einkum í því að bregðist hreinsi- og niðurdælingarferlið tímabundið á háfurinn að tryggja aukna dreifingu brennisteinsvetnis og draga úr styrk þess. Meðan á þróun aðferðanna stóð fór Orkuveita Reykjavíkur sem þá rak Hellisheiðarvirkjun fram á undanþágu frá hertum ákvæðum reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti. Undanþágan fékkst með skilyrðum en loftgæðamælingar sýna að aldrei hefur reynt á hana því styrkur brennisteinsvetnis hefur aldrei brotið gegn hertu ákvæðunum.

Miðlun þekkingar og önnur samskipti við hagsmunaaðila

ON lítur á það sem mikilvægan þátt í sjálfbærri orkunýtingu að upplýsingum um hana sé miðlað til almennings. Gegnum tíðina gegndi Nesjavallavirkjun lengi vel hlutverki fræðslumiðstöðvar um jarðhitanýtingu hér á landi en frá árinu 2006 hefur þungamiðjan færst í Hellisheiðarvirkjun. Í jarðhitasýningu ON er að finna metnaðarfulla sýningarmuni sem miða að því að efla skilning á eðli orkulindarinnar, ferli orkuvinnslunnar og áhrifum hennar á umhverfi og samfélag. Útlendingar eru í miklum meirihluta sýningargesta og lýsa yfir ánægju sinni að fá tækifæri til að átta sig á sérstöðu Íslands í orkumálum þar sem jarðhiti á stærstan þátt í orkuöflun þjóðarinnar. Eitt af þeim verkefnum sem við blasa er að þróa jarðhitasýninguna með þeim hætti að Íslendingar telji sig eiga erindi á hana. Í ljósi

mikilvægis sýningarinnar í miðlun upplýsinga um jarðhitanytingu og fyrirtækið ákvað ON að taka rekstur sýningarinnar í eigin hendur á árinu í stað þess að bjóða hann út að nýju.

Nokkrir opinberir aðilar hafa það lögboðna hlutverk að fylgjast með starfsemi ON, einkum orkuvinnslunni. ON hefur kosið þá leið í samskiptum við eftirlitsaðila að sýna frumkvæði og bjóða þeim reglulega til funda þar sem farið er skipulega yfir helstu viðfangsefni í rekstri virkjananna. Þá er ótalinn árlegur fundur umhverfisstjóra OR þar sem farið er yfir umhverfisskýrslu samstæðunnar með fulltrúum stofnana sem eftirlit hafa með því að fyrirtækin standi sig í umhverfismálum.

Í sama anda gegnsæis í starfseminni birti ON opinberlega upplýsingar þegar ástæða var talin til geislaælinga á útfellingum í jarðgufuvirkjunum hér á landi. Það gerðist eftir að hækkuð náttúruleg geislavirkni mældist í útfellingum við Reykjanesvirkjun og tók ON

þeim tíðindum mjög alvarlega. Mælingar voru gerðar í samstarfi ON og Geislavarna ríkisins í báðum jarðgufuvirkjunum ON. Skemmst er frá því að segja að á Nesjavöllum mældist engin aukin náttúruleg geislavirkni og lítillháttar útsláttur sem fékkst við mælingar á Hellsheiði þótti ekki gefa ástæðu til umfangsmikilla aðgerða.

Eitt þeirra verkefna sem jafnan vekja mikla athygli þegar afrakstur er kynntur er endurheimt staðargróðurs á röskuðum svæðum við Hellsheiðarvirkjun. Verulegt rask varð við byggingu virkjunarinnar en á svæðinu voru einnig gömul sár frá tímum vegagerðar yfir Hellsheiði og reksturs skíðasvæða þar. Á grundvelli vísindalegra rannsókna hafa aðferðir verið þróaðar til að rækta sárin með þeim heiðagróðri sem einkennir Hengils-svæðið. Frætaka og söfnun heilla gróðurtorfa er hluti verksins en einnig hefur myndast þekking á því hvernig eigi að sá fræjum og bæta gróður á röskuðum svæðum. Það hefur

komið mörgum ánægjulega á óvart hversu hratt mosabekja getur náð sér á strik að ónefndum öðrum hraðvaxnari tegundum.

Framtak ársins

Á Umhverfisdegi atvinnulífsins 30. september var ON veitt Umhverfisverðlaun atvinnulífsins 2015 fyrir framtak ársins: uppbyggingu á neti hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla. Við móttöku verðlaunanna úr hendi forseta Íslands sagði Páll Erland framkvæmdastjóri ON að þessi verðlaun yrðu fyrirtækinu og starfsfólki þess hvatning til að leggja sig enn betur fram um að treysta innviði þeirrar rafvæðingar samgangna sem nú er hafin. Uppbygging ON á hraðhleðslustöðvum var ör á árinu 2014 og árið 2015 var nýtt til að uppfærastöðvarnar þannig að þær gögnuðust eigendum fleiri tegunda rafbíla. Samkvæmt opinberum tölum hefur fjöldi bifreiða sem eingöngu ganga fyrir rafmagni rúmlega fimmfaldast frá því að ON hóf að byggja upp net hraðhleðslustöðva á þéttbýlasta hluta landsins.



Myndirnar eru teknar með tveggja ára millibili við Hellsheiðarvirkjun og sýna endurheimt gróðurs þar.



Páll Erland tók við Umhverfisverðlaunum atvinnulífsins fyrir framtak ársins 2015 úr hendi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar.



Loftslagsmál

Í tengslum við Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París síðla árs 2015 kom í ljós að rafvæðing samgangna er einn veigamesti þáttur í átætlun íslenskra stjórnvalda til að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Metnaður ON stendur til þess að vera áfram í forystu fyrir þá hröðu þróun sem stjórnvöld stefna að. Umfangsmesta framlag ON til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda er þó enn ótalið. Fyrir utan niðurdælingu jarðhitagass og framlags til rafvæðingar samgangna munar mest um þann mikla sparnað á útblæstri sem felst í framleiðslu fyrirtækisins á grænni orku í formi rafmagns og hita. Með því að nýta jarðhita í stað olíu í hitaveitu Veitna á höfuðborgarsvæðinu sparast um þrjár milljónir tonna af útblæstri koltvísýrings á

ári. Hlutdeild virkjana ON í öflun vatns fyrir hitaveituna fer vaxandi og nam 53% á árinu 2015. Væri sú raforka sem ON framleiddi á síðasta ári framleidd með olíu hefði kolefnisspor hennar numið um 2,5 milljónum tonna. Til samanburðar var framtalinn útblástur gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2013, sem er síðasta ár sem opinberar tölur ná til, metinn 4,6 milljónir tonna. Að viðbætti heita-vatnsframleiðslu virkjananna lætur nærri að kolefnisslosun Íslands myndi hartnær tvöfaldað væri orkan frá virkjunum ON framleidd með olíu.


Þrátt fyrir þennan mikla árangur af grænni orkuframleiðslu telur ON að hægt sé að gera betur. Þess vegna gerðist fyrirtækið aðili að yfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu, félags

um samfélagsábyrgð fyrirtækja sem lögð var fram á Parísarráðstefnunni í desember 2015. Í henni felst skuldbinding til að setja sér markmið í loftslags- og úrgangsmálum, fylgja þeim eftir með aðgerðum, mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu mála. Ítarlega skýrslugjöf ON í þessum efnum má finna í umhverfisskýrslu OR sem gefin hefur verið út samfellt frá árinu 2000.

Stjórn

Stjórn ON skipuðu Bjarni Bjarnason, formaður, Hildigunnur H. Thorsteinsson, varaformaður, Bolli Árnason, Hólmfríður Sigurðardóttir og Sveinbjörn Björnsson. Framkvæmdastjóri er Páll Erland.

FJÖLDI BIFREIÐA SEM EINGÖNGU NOTA RAFMAGN OG HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVA ON



Fjöldi bifreiða sem eingöngu nota rafmagn og fjöldi hraðhleðslustöðva ON frá því uppbygging þeirra hófst snemma árs 2014.





GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

7. kafli

Gagnaveita Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur (GR) er fjarskiptafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og stofnað árið 2007. Hlutverk GR er að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti. Starfsmenn GR í árslok voru 40, allir nema tveir búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

GR starfar á hörðum samkeppnismarkaði. Lyklarnir að árangri GR í samkeppninni eru:

- samkeppnishæfni ljósleiðara í samanburði við aðra tækni
- afköst, öryggi og uppitími tenginga
- útbreiðsla ljósleiðaranetsins og kaup heimila á þjónustu um það
- verð og þjónusta
- vilji þjónustuaðila til að nýta opið ljósleiðaranet GR

Þjónusta

Gagnaveita Reykjavíkur endurnýjaði vörumerki sín á árinu 2015. Ljósleiðarinn verður aðalvörumerki fyrirtækisins sem beinir athyglinni að þeirri þjónustu sem fyrirtækið veitir fremur en að nafni þess. Samhliða því var merki Gagnaveitu Reykjavíkur breytt, nýjar vefsíður búnar til og ljósleiðarinn.is endurhannaður sem öflugur þjónustuvefur við

gamla og nýja viðskiptavinum sem geta nú á skilvirkan hátt séð hvar pöntun þeirra á þjónustu er stödd í ferlinu.

Nýr innri þjónustuvefur GR var ekki síður mikilvægur í umbótum á þjónustu GR á árinu 2015. Vefurinn sinnir samskiptum við verk-taka á vegum fyrirtækisins og þau fjarskipta-fyrirtæki sem bjóða þjónustu um Ljósleiðarann. Innri þjónustuvefur GR er óaðskiljanlegur hluti umbótanna frá árinu 2015 sem felast í því að gera nýjum viðskiptavinum kleift að sækja allar tengingar í einni og sömu heimsókn. Skipulagi GR var breytt í því skyni að styðja við þetta verkefni og mannafla aukinn.

500 megabitar/sek

Á árinu 2015 sýndi GR fram á tæknilega yfirburði Ljósleiðarans þegar fyrirtækið fór að bjóða flutningshraða gagna sem nemur 500 megabíttum á sekúndu. Sérstaða Ljósleiðarans er sú að hraðinn er í báðar áttir, upphal

gagna og niðurhal. Með þessu var kröfum heimila og ekki síður fjarskiptafyrirtækja, sem þjóna heimilum, svarað um aukna bandbreidd heimilistenginga. Þörf heimila fyrir aukinn flutningshraða gagna ræðst nú af aukinni vistun gagna í tölvuskýinu svokallaða, aukinni skerpu sjónvarpsefnis af ýmsu tagi og fleira heimilisfólk er að nota gagnatenginu heimilisins samtímis.

Á árinu var GR gert að hætta birtingu auglýsinga þar sem flutningshraði gagna um Ljósleiðarann var borinn saman við flutningshraða eftir hefðbundnum leiðum. Í þeim þótti munurinn ekki rökstuddur með fullnægjandi hætti. Orðið var við þessu.

Útbreiðsla

Á árinu 2015 náðist sá áfangi að ljúka tengingu allra heimila í þéttbýli Reykjavíkur við Ljósleiðarann og slóst höfuðborgin þar með í hóp Seltjarnarness, Akraness, Hellu,



Hafnarfjörður er eitt þeirra stóru sveitarfélaga sem samdi um ljósleiðaravæðingu heimila á árinu 2015. Á myndinni eru Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri GR og Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri.

Hvolsvallar, Ölfuss og Hveragerðis. Áhugi sveitarfélaga á samstarfi við GR var mikill. Á árinu var samkomulag gert við Kópavog um að efla uppbyggingu Ljósleiðarans í bænum og samið við Garðbæ og Hafnar-fjarðarkaupstað um ljósleiðaravæðingu sem og Borgarbyggð vegna Borgarness og Hvanneyrar. Uppbyggingu kerfisins í þéttbýli þessara sveitarfélaga á að ljúka fyrir árslok 2018.

Samkeppnishæft verð


Í vaxandi mæli setja fjarskiptafyrirtæki hér á landi traust sitt á Ljósleiðarann sem flutningsleið fyrir þjónustu sína. Burðarnt GR hefur flutt gögn fyrir farsímafyrirtæki um árabíl en skilin á milli fjarskipta og fjölmiðlunar verða sífellt óskýrari. Símafélög færa sig yfir í miðlun efnis af ýmsum toga og fjölmiðlafyrirtæki yfir í almennan gagnaflutning. Í stað þess að byggja upp eigin dreifikerfi leita mörg fyrirtækjanna nú til GR um gagnaflutning til og

frá heimilum og fyrirtækjum enda býður flutningsgeta Ljósleiðarans og netbúnaður kerfisins upp á afar áreiðanlegar tengingar á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði.

Stjórn


Stjórn Gagnaveita Reykjavíkur skipuðu Bjarni Bjarnason formaður, Jóna Björk Helgadóttir og Ingvar Stefánsson. Varamaður er Íris Lind Sæmundsdóttir. Framkvæmdastjóri er Erling Freyr Guðmundsson.

HLUTFALL HEIMILA Í ÞÉTTBÝLI TENGD LJÓSLEIÐARANUM Í ÁRSLOK 2015



Á árinu 2015 var klárað að tengja Ljósleiðarann við heimili í þéttbýli Reykjavíkur og tengingu við þau sveitarfélög sem nefnd eru í myndritinu verður lokið fyrir árslok 2018.


HEILDARÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA GR





GR kannar reglulega ánægju viðskiptavina með þjónustu fyrirtækisins. Myndritið sýnir þróun hennar eftir fjórðungum ársins 2015. Einkunnin fjórir eða hærri tala er markmið GR.

8. kafli

Stiklur úr sögunni 1909-2015







9. kafli

Ágrip úr
umhverfisskýrslu OR

Ágrip úr Umhverfisskýrslu OR

Umhverfismálum hjá OR og dótturfélögum er stýrt með kerfisbundnum hætti. Það felur í sér að vel er fylgst með þeim áhrifum sem reksturinn hefur á umhverfið og unnið er að stöðugum umbótum. Í Umhverfisskýrslu OR 2015, sem gefin er út samhliða þessari ársskýrslu, er nákvæm grein gerð fyrir umhverfisþáttum starfseminnar. Þeir eru settir fram undir fimm meginsjónarmiðum.

Leiðarljós umhverfis- og auðlinda- stefnu OR og dótturfélaga

Ábyrg auðlindastýring

Að komandi kynslóðir hafi sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. OR leitar farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannapágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni.

Gagnsemi veitnanna

Þjónustan stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi. OR setur sér metnaðarfull markmið um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um frammistöðuna.

Áhrif losunar

OR dregur úr losun mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að beita bestu mögulegu lausnum í þeim efnum.

Áhrif í samfélaginu

Vegna stærðar sinnar vegur OR þungt á landsvísu. Starfsfólkið býr yfir mikilvægri þekkingu og reynslu sem því er ætlað að miðla. Það hvetur til ábyrgar umgengni við umhverfið og jákvæðra áhrifa á samfélagið.

Reksturinn

OR vill vinna með skipulegum og öguðum hætti þannig að aðföng verði nýtt vel, vandað sé til mannvirkja og umgengni um lóðir og lendur, ábyrgð ríki í meðferð úrgangs og hvatt sé til vistvænni samgangna og lífsstíls.

Markverður árangur 2015

- Tímamót urðu í júní þegar nýtt skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu tók gildi ásamt nýrri og strangari vatnsverndarsamþykkt um umsvif á vatnsverndarsvæðunum.
- Sýnt var fram á að unnt er að binda brennisteinsvetni hratt og varanlega í jarðlögum við Helliðsvirkjun. Lofthreinsistöð við Helliðsvirkjun hreinsar um 25% brennisteinsvetnis frá virkjuninni og reistur var gufuháfur í tilraunaskyni til að draga enn frekar úr styrk brennisteinsvetnis í byggð.
- Rúmlega 10% af koltvísýringnum sem losnaði frá Helliðsvirkjun á árinu 2015 var bundin varanlega í jarðlögum við virkjunina.
- Framkvæmdir hófust á ný við uppbyggingu fráveitu á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi.
- Niðurstöður úr rannsóknum á sjó, sjávarbotni og kræklingi í Faxaflóa sýndu að fráveituvatn úr hreinsistöðvum á höfuðborgarsvæðinu hefur lítil sem engin áhrif á umhverfið.
- Framkvæmdum lauk að mestu við Hverahlíðarlögn til að styðja við rekstur Helliðsvirkjunar þannig að unnt verði að hvíla hluta vinnsluvæðis virkunarinnar.
- Átaki var hrint af stað til að minnka yfirborðslosun affallsvatns frá Nesjavallavirkjun og draga þannig úr neikvæðum áhrifum virkunarinnar á lindir og vikur við Þingvallavatn.
- Fyrstu niðurstöður rannsókna sýna að dreifð og hófleg niðurdæling á Helliðsvirkjun vinnur á móti þrýstinglækkun í jarðhitakerfinu. Áfram verður beitt nýjum og árangursríkum aðferðum við endurheimt staðargróðurs og frágang vegna rasks á Helliðsvirkjun.
- Hafist var handa við að auka afkastagetu Rangárveitu á Suðurlandi og undirbúa rannsóknir á öflun heits vatns.
- Orka náttúrunnar hlaut Umhverfisverðlaun atvinnulífsins fyrir framtak ársins 2015 vegna uppbyggingar nets hraðhleðslustöðva fyrir rafbíla.
- Samstæða OR var tilnefnd til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2015 og var þema verðlaunanna samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Hitaveitan á höfuðborgarsvæðinu hafði sparað um 100 milljón tonna útblástur af koltvísýringi í árslok 2014.







10. kafli

Mannauður og öryggi

Mannauður og öryggi

Til að Orkuveita Reykjavíkur geti skilað sínu mikilvæga hlutverki þarf starfsfólkið að búa yfir hæfni, þekkingu og þjónustuvilja. OR leggur metnað í að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem aðbúnaður og starfskjör eru samkeppnishæf, starfsánægja ríkir, starfsþróun er sinnt og sveigjanleiki, heilsuefning og jafnrétti eru lifandi þættir í daglegu starfi.

Mannauður

Árið 2015 var gróskumikið í mannauðsstarfi allra fyrirtækja innan samstæðu OR. Á árinu var meðal annars lögð áhersla á þjálfun starfsfóstra en það eru þeir starfsmenn sem sjá um að taka á móti nýliðum. Þeir eru 25 talsins innan samstæðunnar. Innan Veitna, GR og hjá Fjármálum í móðurfélaginu var unnið að verkefninu Draumavinnustaðurinn. Allir starfsmenn eininganna komu að mótun þess þar sem niðurstaðan fólst í yfirlýsingu um það hvernig stjórnun starfsmenn og stjórnendur hafa sammælt um að halda í heiðri. 61 nýr starfsmaður hóf störf hjá OR samstæðunni á árinu 2015 og 31 lét af störfum. Meðalaldur starfsmanna hélst svipaður, 48 ár og meðalstarfsaldur 13 ár.

Jafnrétti

Í samræmi við starfsmannastefnu OR var á árinu 2015 lögð áhersla á starfsþróun, fræðslu og gott starfsumhverfi. Jafnréttismál eru einnig óaðskiljanlegur þáttur starfsmannastefnunnar. Á árinu hlaut jafnréttisstarf OR

Hvatningarverðlaun atvinnulífsins og nýtur jafnlaunavottunar PwC. OR hefur undirritað jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Í því felst að Orkuveitan skuldbindur sig siðferðislega til að vinna að jafnréttismálum og hafa þar frumkvæði.


Fjórar sjálfstæðar jafnréttisnefndir voru settar á fót, ein fyrir hvert fyrirtæki innan samstæðu OR. Með þátttöku í nefndunum tengjast nú 20 starfsmenn jafnréttisstarfinu með virkum hætti. Hver nefnd leggur sínar áherslur í framkvæmdaáætlun jafnréttismála ásamt því að gefa út ársskýrslu vegna jafnréttisstarfs viðkomandi fyrirtækis. Markmiðið er að vinna markvisst og raunhæft jafnréttisstarf sem tekur mið af þörfum hvers fyrirtækis í samræmi við sameiginleg markmið OR.

Iðnir og tækni

Iðnir og tækni er verkefni tengt jafnréttisstarfinu og er samstarfsverkefni milli OR samstæðunnar og Árbæjarskóla. Markmið


þess eru að auka áhuga stúlkna á iðngreinum og gera iðngreinum hærra undir höfði. 16 nemendur í 10. bekk úr Árbæjarskóla hafa heimsótt OR tvisvar í mánuði þar sem þeir hafa fræðst um iðngreinar, öryggismál, umhverfismál, vatn, rafmagn og fráveitu. Fjöldi starfsmanna OR hafa komið að verkefninu og tekið þátt í að leiðbeina nemendum. Í kennslunni er haft að leiðarljósi að nemendur kynnist starfi iðnaðarmanna hjá OR og dótturfyrirtækjum og sjái þau sem raunhæfan kost í sínu náms- og starfsvali eftir grunnskóla. Fyrirhugað er að halda samstarfinu áfram og bjóða nýjum nemendahópi upp á valáfangann á skólaárinu 2016-2017.

STARFSÁNÆGJA




Vinnustaðagreining ásamt stjórnendamatí var gerð fyrir alla samstæðuna í lok árs 2015. 90% starfsmanna samstæðunnar tóku þátt í henni. Hún er mikilvægt umbótatæki sem gefur góðar vísbendingar um líðan starfsmanna, andann í fyrirtækinu og traust til stjórnenda. Það var því ánægjulegt að sjá að starfsánægja, ánægja með starfsanda og stjórnendur er enn að aukast og allir þessir þættir fá einkunn yfir 4,2 sem þýkir sýna sérstakan styrkleika hjá fyrirtækinu.


STARFSMANNAFJÖLDI OR OG DÓTTURFÉLAGA



ÓÚTSKÝRÐUR LAUNAMUNUR KYNJANNA



HLUTFALL KVENNA MEÐAL STJÓRNENDA SAMSTÆÐU



Öryggi

Ekkert viðfangsefna OR og dótturfyrirtækjanna er svo mikilvægt að það réttlæti að starfsfólk hætti lífi sínu eða heilsu við vinnu. Hverjum og einum starfsmanni er þess vegna uppálagt að staldra við áður en ráðist er í viðfangsefnin enda umhverfið oft háskalegt, aðstæður hættulegar eða tækin sem beitt er varasöm. Markmið okkar er einfalt: að skapa slysalausanninnastað.

Fyrirtækin innan OR samstæðunnar kappkosta að sinna öryggismálum af fagmennsku. Í því felst meðal annars nákvæm skráning, ekki bara á þeim slysum sem verða heldur er starfsfólk hvatt til að skrá í sérstakan grunn ábendingar um hættulegt vinnulag, hættulegar aðstæður, hættulegan búnað, varasamt vinnuumhverfi eða hættuleg tilvik sem leiddu þó ekki til slyss. Úr ábendingunum er unnið með skipulegum hætti og er úrvinnslan á ábyrgð æðstu stjórnenda. Hver og ein skráning er til marks um það að slysin gera mjög oft boð á undan sér.

Allir starfsmenn eiga á hættu að lenda í vinnuslysi eða á leið til eða frá vinnu. Fallslys eru algengust en aðrar hættur sem vekja sérstaka athygli hjá OR eru eftirtaldir og tilgreint er í töflunni neðst á síðunni hvaða starfsmenn eru helst í hættu.

Tölur sýna að OR hefur ekki tekist nægilega vel að stýra áhættu við þá vinnu sem tilgreind er í töflunni. Aðrar hættur sem við blasa hafa leitt til fárra slysa sem getur verið til marks um betri tök á aðstæðum. Þetta er hættu af rafmagni, sérstaklega háspennu og hættu af skertum loftgæðum svo sem við vinnu í lokuðum rýmum, í grennd við jarðhitagösum og vinna með asbest sem enn er raunin á Vesturlandi á meðan heildarendurnýjun Deildartunguæðar er ólokið. Sérstaklega er fylgst með heilsufari þeirra starfsmanna sem vinna við asbestið og þeirra sem vinna við

hærra styrk jarðhitagasa eins og finnst á sumum lághitasvæðum en einkum í og við virkjanirnar á Hengillssvæðinu.

Hverjum og einum starfsmanni OR og dótturfyrirtækjanna er uppálagt að staldra við áður en hafist er handa og meta hugsanlegar hættur. Skapist hætta eftir að verk er hafið á þegar í stað að hætta því og bæta úr. Þannig er það sýn OR að hver og einn starfsmaður sé ábyrgur fyrir eigin öryggi. Á árinu 2015 var ráðist í verkefni hjá ON til að efla þann þátt að starfsmenn sjálfir séu talsmenn aukins öryggis samstarfsmanna sinna og leitist við að koma auga á, meta og draga úr hættum í vinnuumhverfinu. OFF heitir verkefnið og er afrakstur viðmikillar könnunar á öryggismenningu innan OR samstæðunnar sem gerð var árið 2014. Niðurstöður könnunarinnar voru að ýmsu leyti jákvæðar og hvetjandi. Markmiðið um slysalausanninnastað þar sem enginn starfsmaður, verktaki eða almenningur þarf að þola heilsutjón vegna starfseminnar næst aðeins með því að allir séu upplýstir og tilbúnir að gera betur í öryggismálum. Þess vegna eru öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismál óaðskiljanlegur hluti af allri starfsemi OR, Veitna, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur.

Hver og einn starfsmaður getur tekið þátt í vali á fulltrúa í eina af öryggisnefndunum sem starfandi eru innan samstæðu OR. Nefndirnar eru fjórar; öryggisnefndir Veitna fyrir Höfuðborgarsvæðið og Suðurland og svo fyrir Vesturland, öryggisnefnd virkjana og loks öryggisnefnd skrifstofufólks. Tilvist þessara nefnda og helstu verkefnum þeirra er lýst í kjarasamningnum við átta stéttarfélög sem OR semur við.

Heilsuefning

Á árinu 2015 var líka gripið til ýmissa nýjunga til að upplýsa starfsfólks um mikilvægi góðrar heilsu til sálar og líkama og starfsfólki gerð


ýmis tilboð til að bæta líkamsástand sitt og heilsufar. Auk hefðbundinna styrkja til líkamsræktar býr OR svo vel að líkamsræktarstöð er í höfuðstöðvum fyrirtækisins við Bæjarháls. Þar var líka farið að bjóða upp á vinnufatajoga í hádeginu tvisvar í viku, kyrrðarherbergi var innréttað og fjölmargir fyrirlestrar og námskeið haldin þar sem sjónum var sérstaklega beint að andlega hluta heilsufarsins. Nýbreytninni var vel tekið og það samstarfsverkefni öryggis-, umhverfis- og starfsmannamála frá vorinu 2015, að bjóða starfsfólki samgöngusamning, hefur leitt í senn til heilsu-samlegri og umhverfisvænni ferðamáta til og frá vinnu. Á milli 80 og 90 starfsmenn af rúmlega 450 nýttu sér styrkinn árið 2015 eða um fimmtungur.

Rekstrareiningin öryggismál innan móðurfélags OR hefur einnig umsjón með starfi neyðarstjórnar. Hún gegnir því hlutverki að búa fyrirtækið og dótturfyrirtækin undir að takast á við neyðartilvik með skipulegum og markvissum hætti. Neyðarstjórn er starfandi fyrir alla samstæðu OR, enda tvinnast starfsemi dótturfélaganna saman með ýmsum hætti auk þess sem þau geta létt hvert undir með öðru ógni neyðarástand starfsemi einhvers þeirra. Jafnframt hafa Veitur, ON og Gagnaveita Reykjavíkur komið sér upp eigin neyðarskipulagi.


Í nóvember 2015 fór fram umfangsmikil neyðaræfing, sem Landsnet efndi til. Markmiðið hennar var að takast á við afleiðingar þess að jökulhlaup olli verulegu tjóni í framleiðslu og flutningi rafmagns í landinu. Neyðarskipulag OR og allra dótturfyrirtækjanna var virkjað í æfingunni en í henni reyndi einnig á það þegar kalla þurfti stjórnvöld að borðinu til að meta hvernig heildarhagsmunum þjóðarinnar er best borgið í glímu við áföll af þeim toga sem æfð voru. Margt tókst vel og nú er unnið skipulega að úrbótum þess sem æfingin leiddi í ljós.

Tegund slysa	Sérstakur áhættuhópur	Hlutfall af mannafla
Skurðsár	Iðnaðarmenn og verkafólk í öllum fyrirtækjum samstæðu OR	52%
Brunasár	Iðnaðarmenn og verkamenn í vatnsfloknum Veitna og gufuveitustarismenn ON	6%
Klemmusár eða högg	Iðnaðarmenn og verkafólk í öllum fyrirtækjum samstæðu OR	52%

FJARVERUSLYS EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM 2013-2015




TÍÐNI FJARVERUSLYSA 2015 - H-TALA



Tíðni fjarveruslysa miðað við 1.000.000 unnar vinnustundir. Með fjarveruslysi er átt við slys sem hefur þær afleiðingar að viðkomandi mætir ekki til vinnu a.m.k. einn dag af næstu sjö almanaksdögum eftir atvikid.

TILKYNNINGAR Í SKRÁNINGARGRUNN ÖRYGGISMÁLA 2013-2015



Tilkynningagrunnur öryggismála hefur nú verið starfræktur í hátt á fjórða ár. Svo vel hefur tekist til að nú er grunnurinn einnig notaður til að skrá tilvik í umhverfismálum, gæðamálum og upplýsingaöryggismálum.






11. kafli

Aöfföng

Miðlun náttúrugæða

Hlutverk samstæðu OR er að tryggja aðgengi fólks að þeim náttúrugæðum sem fyrirtækjunum er trúnað fyrir. Myndin sýnir hvernig framleiðsla og veitukerfi OR og dótturfyrirtækja tengjast auðlindunum og samfélögum sem þau þjóna.



Virðiskeðja

Starfsemi OR og dótturfyrirtækja felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, gagnaveitu og fráveitu ásamt sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. Myndin sýnir hvað við gerum til að sinna hlutverki okkar.

AUÐLIND



- Finna auðlindir og afla réttinda til að nýta þær.
- Vakta nýtinguna og stýra henni.

NÝFRAMKVÆMDIR



- Hönnun og útvegum leyfa.
- Kaupa efni og búnað og semja við verktaka.
- Eftirlit með framkvæmd og prófanir.

VINNSLA



- Taka við nýsmíði.
- Stýra og vakta vinnslu.
- Eftirlit, viðhald og endurnýjun.
- Kaupa efni og búnað.

MIÐLUN



- Taka við nýsmíði.
- Stýra kerfum og vakta þau.
- Eftirlit, viðhald og endurnýjun.
- Kaupa efni og búnað.

VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA



- Afla viðskiptavina og skrá þá.
- Tenging heimila og fyrirtækja.
- Álestur og reikningagerð.
- Bregðast við bilunum.

AUÐLIND



- Vöktun á viðtaka fráveitu.





12. kafli

Útgefnar skýrslur og greinar

Útgefnar skýrslur og greinar

Skýrslur unnar af Orkuveitunni eða dótturfélögum

Bjarni Reykr Kristjánsson, Anette K. Mortensen, Ingvi Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson 2015.
Hverahlíðarholur. Profun á borholum veturinn 2013-2014 vegna fyrirhugaðrar vinnslu og tengingar svæðisins við Helliðarvirkjun. 2015-OR-007.

Einar Gunnlaugsson 2015.
Helliðarvirkjun – Vinnsluskýrsla 2014. Afl, vatnsborð, vinnsla efnafræði Yfirlit yfir rannsóknir. 2015-OR-023.

Einar Gunnlaugsson 2015.
Nesjavallir – Vinnsluskýrsla 2014. Afl, vatnsborð, vinnsla efnafræði Yfirlit yfir rannsóknir. 2015-OR-022.

Gretar Ívarsson 2015.
Hitaveita í Reykjavík. Vatnsvinnslan og efnafræði vatnsins 2014. 2015-OR-002.

Guðleifur Kristmundsson 2015.
Mælingar á íbúðaalagi í desember 2014 og janúar 2015. 2015-OR-003.

Guðrún Erla Jónsdóttir 2015.
Framfylgd eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. 2015-OR-024.

Hafsteinn Björgvinsson 2015.
Fuglar og önnur dýr á verndarsvæðum vatnsbóla Reykjavíkur. 19. útgáfa. 2015-OR-001.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Austurveitu 2014. 2015-OR-005.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Grímsnesveitu 2014. 2015-OR-004.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 2014. 2015-OR-018.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Rangæinga 2014. 2015-OR-006.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Skorradals 2014. 2015-OR-019.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Stykkishólms 2014. 2015-OR-020.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hitaveitu Þorlákshafnar 2014. 2015-OR-014.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Hlíðaveitu 2014. 2015-OR-008.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Munaðarnesveitu 2014. 2015-OR-016.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Norðurárdalsveitu 2014. 2015-OR-021.

Selma Olsen 2015.
Vatnsvinnsla Ölfusveitu 2014. 2015-OR-017.

Sólveig R. Gunnarsdóttir, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, Björn Ágúst Björnsson, Gísli Björn Björnsson, Ingvar Stefánsson og Ívar Örn Lárusson 2015.
Fjármálaskýrsla 2014. 2015-OR-013.

Skýrslur unnar fyrir Orkuveituna eða dótturfélög

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Skýrsla um mælingar árið 2014. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-102.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Skýrsla um mælingar fyrir janúar, febrúar og mars árið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-104.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með júní 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-107.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar í Norðlingaholti og Hveragerði. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með september 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-109.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar við Helliðarvirkjun og við Nesjavallavirkjun. Skýrsla um mælingar árið 2014. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-103.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar við Helliðarvirkjun og við Nesjavallavirkjun. Skýrsla um mælingar fyrir janúar, febrúar og mars árið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-105.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar við Helliðarvirkjun og við Nesjavallavirkjun. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með júní 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-108.

Andrés Þórarinnsson 2015.
H₂S loftgæðamælingar við Helliðarvirkjun og við Nesjavallavirkjun. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með september 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. Verkfræðistofan Vista. 2015-ON-110.

Auður Agla Óladóttir 2015.
Jarðhitasvæðið í Hverahlíð. Vöktun á yfirborðsvirkni haustið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/067. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-118.

Birgir Tómas Arnar og Snorri Þórisson 2015.
Skólphreinsistöðvar. Sýnataka og mælingar. Árleg yfirlitsskýrsla 2014. Borgarbyggð. Verkis. 2015-OR-102.

Birgir Tómas Arnar og Snorri Þórisson 2015.
Skólphreinsistöðvar. Sýnataka og mælingar. Árleg yfirlitsskýrsla 2014. Reykjavík. Verkis. 2015-OR-101.

Eric M. Myer og Ágúst Guðmundsson 2015.
Höfuðborgarsvæði. Grunnvatns- og rennislíkan. Árleg endurskoðun fyrir árið 2014. Skýrsla nr. 15.16. Vatnaskil. 2015-OR-107.

Garðar Þorfinnsson 2015.
Uppgræðsla vestan Hengils. Áfangaskýrsla 2014 áætlun 2015. Landgræðsla ríkisins. 2015-ON-106.

Guðjón Atli Auðunsson 2015.
Viðtakarannsóknir 2011. Setgildrur, kræklingur og sjór. Nýsköpunarmiðstöð Íslands. 2015-OR-106.

Guðni Þorvaldsson og Svavar T. Óskarsson 2015.
Upphitun ípróttavalla. Landbúnaðarháskóli Íslands. 2015-OR-103.

Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson, Stefán Már Stefánsson og Þóra Hrafnisdóttir 2015.
Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns. Gagnaskýrsla fyrir árið 2014. Fjölrit nr. 1-2015. Náttúrufræðistofa Kópavogs. 2015-OR-104.

Helgi Gunnar Gunnarsson 2015.
Reynisvatnshéið og Mosfellsheiði. Mat á áhrifum niðurdælingar heits vatns. Skýrsla nr. 15.08. Vatnaskil. 2015-OR-109.

Greinar í tímaritum

Hörður Tryggvason 2015.

Mælingaefirlit á Bitru árið 2015. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. ÍSOR-2015/062. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-OR-108.

Hörður Tryggvason 2015.

Mælingaefirlit á Nesjavöllum árið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/065. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-111.

Hörður Tryggvason 2015.

Mælingaefirlit í Hverahlíð árið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/056. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-112.

Ingvar Þór Magnússon 2015.

GNSS- og þyngdarmælingar á Hengilssvæði árið 2015. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/064. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-119.

Khodayar, Maryam, Guðni Axelsson og Benedikt Steingrímsson 2015.

Potential structural flow paths for traces and source faults of earthquakes at Húsmúli. Hengill, South Iceland. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/035. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-119.

Kristján Ágústsson, Hanna Blanck, Sif Pétursdóttir og Stefán Auðunn Stefánsson 2015.

Nesjavellir. Jarðskjálftar við borun holu NJ-28 og niðurdæling í holur NJ-17 og NJ-26. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/061. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-115.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2015.

Rannsóknir á urriðastofni Ölfusvatnsár árið 2015. Veiðimálastofnun. 2015-OR-105.

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, Hörður Tryggvason og Björn S. Harðarson 2015.

Hellisheiði – Hóla HE-58. Forborun 1. og 2. áfangi. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/044. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-116.

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, Hörður Tryggvason, Björn S. Harðarson og Magnús Á. Sigurgeirsson 2015.

Nesjavellir – Hóla NJ-28. Forborun 1. og 2. áfangi. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/032. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-113.

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, Helga M. Helgadóttir, Hörður Tryggvason, Magnús Á. Sigurgeirsson, Þorsteinn Egilsson og Halldór Örvars Stefánsson 2015.

Nesjavellir – Hóla NJ-28. 3. áfangi. Unnið fyrir Orku náttúrunnar. ÍSOR-2015/033. Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). 2015-ON-114.

Aradóttir, Edda S. P., Gunnarsson, Ingvi, Sigfússon, Bergur, Gunnarsson, Gunnar, Júlíusson, Bjarni M., Gunnlaugsson, Einar, Sigurðardóttir, Hólmfríður, Arnarson, Magnús Th., Sonnenthal, Eric 2015.

Toward cleaner geothermal energy utilization. Capturing and sequestering CO₂ and H₂S emissions from geothermal power plants. Transport in Porous Media, 108, 61-84.

Fríðleifsson, Guðmundur Ómar, Pálsson, Bjarni, Albertsson, Albert L., Stefánsson, Björn, Gunnlaugsson, Einar, Ketilsson, Jónas, and Gíslason, Þór 2015.

IDDP-1 drilled into magma. World's first magma-EGS system created. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.

Gunnarsson, Gunnar and Aradóttir, Edda S. P. 2015.

The deep roots of geothermal systems in volcanic areas. Boundary conditions and heat sources in reservoir modeling. Transport in Porous Media, 108, 43-59.

Gunnarsson, Gunnar, Kristjánsson, Bjarni Rey, Gunnarsson, Ingvi and Júlíusson, Bjarni Már 2015.

Reinjection into a fractured reservoir – induced seismicity and other challenges in operating reinjection wells in the Hellisheiði field, SW-Iceland. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.

Gunnarsson, Ingvi, Júlíusson, Bjarni Már, Aradóttir, Edda Sif, Sigfússon, Bergur, and Arnarson, Magnús Þór 2015.

Pilot scale geothermal gas separation, Hellisheiði power plant, Iceland. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.

Gunnlaugsson, Einar, Ívarsson, Gretar, and Friðriksson, Jakob S. 2015.

85 years of successful district heating in Reykjavik, Iceland. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.

Júlíusson, Bjarni Már, Gunnarsson, Ingvi, Matthíasdóttir, Kristín Vala, Markússon, Sigurður H., Bjarnason, Bjarni, Sveinsson, Óli Grétar, Gíslason, Þór, and Thorsteinsson, Hildigunnur H. 2015.


Tackling the challenge of H₂S emissions. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.


Aradóttir, Edda S. P., Gunnarsson, Ingvi, Sigfússon, Bergur, Gíslason, Sigurður R., Oelkers, Eric H., Stute, Martin, Matter, Juerg M., Snæbjörnsdóttir, Sandra Ó., Mesfin, Kiflom G., Alfreðsson, Helgi A., Hall, Jennifer, Arnarsson, Magnús Th., Dideriksen, Knud, Júlíusson, Bjarni M., Broecker, Wallace S., and Gunnlaugsson, Einar 2015.

Towards cleaner geothermal energy. Subsurface sequestration of sour gas emissions from geothermal power plants. Proceedings World Geothermal Congress 2015 Melbourne, Australia, 19-25 April 2015.

Sigfússon, Bergur, Gíslason, Sigurður R., Matter, Juerg M., Stute, Martin, Gunnlaugsson, Einar, Gunnarsson, Ingvi, Aradóttir, Edda S. P., Sigurðardóttir, Hólmfríður, Mesfin, Kiflom G., Alfreðsson, Helgi A., Wolff-Boenisch, Domenik, Arnarsson, Magnús T., and Oelkers, Eric H. 2015.

Solving the carbon-dioxide buoyancy challenge. The design and field testing of a dissolved CO₂ injection system. International Journal of Greenhouse Gas Control, 37, 21-219.





13. kafli

Sjálfbærnivísar (GRI)

Sjálfbærnivísar (GRI)

Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er tiltekið að fyrirtækið skuli rækja samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Það er stefna OR og dótturfélaga að vera til fyrirmyndar á sviði samfélagsábyrgðar og stöðugt verði unnið að bættum árangri. Samfélagsleg ábyrgð í rekstri samstæðunnar er vegferð til framtíðar.

Við gerð ársreiknings, ársskýrslu og umhverfisskýrslu er nú í fyrsta sinn tekið mið af leiðbeinandi grunnviðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) þar sem markmiðið er að miðla upplýsingum tengdum samfélagslegri ábyrgð á gagnsæjan hátt. Yfirlit yfir GRI inniheldur upplýsingagjöf varðandi þá sjálfbærniþætti sem gerð eru skil í skýrslunum. Vísað er til þess hvar upplýsingarnar er að finna með

tilvísun í skýrslu og blaðsíðutal. Í töflunni táknar Á að upplýsingar sé að finna í þessari Ársskýrslu OR, U í Umhverfisskýrslu OR og R í Ársreikningi samstæðu 2015. Á eftir töflunni er að finna upplýsingar vegna sjálfbærnivísa sem ekki var fundinn staður í samfelldu máli skýrslunnar.

STEFNA OG GREINING		Tilvísun
G4-1	Yfirlýsing frá æðsta stjórnanda fyrirtækisins	Á 11
G4-2	Lýsing á helstu áhrifum, áhættum og tækifærum	Á 6-11
UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI		Tilvísun
G4-3	Heiti fyrirtækisins	Á Forsíða
G4-4	Helstu vörumerki, vörur og/eða þjónusta	Á 10
G4-5	Staðsetning höfuðstöðva	R 10
G4-6	Lönd þar sem fyrirtækið er með starfsemi	R 10
G4-7	Eignarhald og lögform	R 3
G4-8	Markaðurinn (landfræðileg skipting, viðskiptavinir og hagsmunaaðilar)	Á 24, 30, 36
G4-9	Stærð og umfang fyrirtækisins	Á 16-21, 24, 30, 36
G4-10	Kynjaskipting starfsfólks (1-6)	Á 24, 30, 36, 46-47
G4-11	Fjöldi starfsfólks með aðild að kjarasamningum stéttarfélaganna	94%
G4-12	Aðfangakeðja fyrirtækisins	Á 51-52
G4-13	Mikilsverðar breytingar á skýrslutímabilinu hvað varðar stærð, skipulag, eignarhald sem og aðfangakeðju fyrirtækisins	Á 10-11, 16-17; R 37
Skuldbindingar við ytri málefni		
G4-14	Útlitun á beitingu varúðarákvæða eða aðferða innan fyrirtækisins, ef við á	Á 2, 49, R 25-34; U 6-7
G4-15	Utanaðkomandi sáttmálar um fjárhagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg málefni eða önnur verkefni sem fyrirtækið hefur innleitt eða styður	Á 31, 33, 46, 56-57; U 5-6
G4-16	Aðild að samtökum	U 5
Skilgreining á efnislegum þáttum skýrslunnar og mörkum þeirra		
G4-17	Útlitun á ársreikningi (eða sambærilegum skjölum) fyrirtækis	R 3
G4-18	Útskýrið skilgreiningar á efnistöðum og takmörkunum. Útskýrið hvernig fyrirtækið innleiðir staðlaðar skilgreiningar í skýrslu	Á 11, 60
G4-19	Útlitun og skilgreining allra þátta er mótuðu efnistöð skýrslunnar	Á 11, 60
G4-20	Gerð grein fyrir hvers kyns takmörkunum á umfangi skýrslunnar sem varða einingar innan fyrirtækisins, þar með talið ef ekki er talið viðeigandi að gera grein fyrir einstökum rekstrareiningum fyrirtækisins	Á 11, 60
G4-21	Gerð grein fyrir hvers kyns takmörkunum á umfangi skýrslunnar sem varða ytra umhverfi fyrirtækisins, þar með talið ef ekki er talið viðeigandi að gera grein fyrir takmörkunum í ytra umhverfi hjá einstökum rekstrareiningum fyrirtækisins	Á 11, 60

G4-22	Gerð grein fyrir endurtekningum á upplýsingum úr fyrri skýrslum og ástæðum fyrir þeim, og ástæður fyrir endurtekningu upplýsinganna	Á ekki við
G4-23	Útskýrið verulegar breytingar frá fyrra tímabili varðandi mörk, umfang og þætti skýrslunnar	Á ekki við
Þáttaka og skuldbindingar hagsmunaaðila		
G4-24	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Á 24-27, 30-33, 36; U 5-6
G4-25	Aðferðir við val á hagsmunaaðilum sem ætlað er að starfa með	Á 24-27, 30-33, 36; U 5-6
G4-26	Verklag við ákvörðun á samstarfi við hagsmunaaðila	Á 24-27, 30-33, 36; U 5-6
G4-27	Helstu atriði og málefni sem hafa komið upp í samstarfi við hagsmunaaðila	Á 24-27, 30-33, 36; U 5-6
Viðfangsefni skýrslunnar		
G4-28	Tímabil sem upplýsingar í skýrslunni ná til	Á 6,10; R 3
G4-29	Hvenær var síðasta skýrsla gefin út (ef við á)	Á ekki við
G4-30	Skýrslutíðni (árleg, tvisvar á ári, o.s.frv.)	Árleg
G4-31	Tengiliðir vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar	Á 2
G4-32	Ferli við ákvörðun á efni skýrslunnar	Á 11
GRI yfirlit		
G4-33	Stefnumótun og starfshættir fyrirtækisins, varðandi utanaðkomandi ráðgjöf, tryggingu á öruggri gagnavinnslu og aðferðafræði við gerð skýrslunnar	R 4; U 59
STJÓRNHÆTTIR		Tilvísun
Uppbygging og samsetning stjórnháttanna		
G4-34	Skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. undirnefndir stjórnar. Skilgreinið hver eða hvaða nefndir bera ábyrgð á ákvörðunartöku varðandi efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins	Á 6-7; R 47
SIÐFRÆÐI OG HEILINDI		Tilvísun
Stöðluð upplýsingagjöf varðandi yfirlit um: Gildi, grundvallarreglur, kröfur og viðmið fyrirtækisins		
G4-56	Greinið frá gildum, grundvallarreglum, kröfum og viðmiðum varðandi siðareglur	Á 6-7; R 47
G4-57	Skýrið ytri og innri ferli varðandi ráðgjöf vegna siðferðis og laga sem varða heilindi	R 47
G4-58	Ytri og innri umkvörtunarferli varðandi ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins, svo sem ferli tilkynninga til yfirmanna, ferli upplýðstrana (whistleblowing) eða nafnlausra ábendinga	R 47

EFNAHAGUR		Tilvísun
Fjárhagsleg frammistaða		
G4-EC1	Bein efnahagsleg verðmæti sköpuð og dreifð, þ.m.t. tekjur, rekstrarkostnaður, greiðslur til starfsmanna, framlög og önnur fjárfesting í samfélaginu og greiðslur til ríkisins	R 5-9
G4-EC2	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri fyrirtækisins vegna loftlagsbreytinga	Á 31, 33
G4-EC3	Yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækisins vegna lífeyrisgreiðslna og kaupaukakerfa	R 7
G4-EC4	Verulegur fjárhagslegur stuðningur frá opinberum aðilum	Á ekki við
Nálægð á markaði		
G4-EC5	Meðal byrjendalaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun í heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	Ekki fjallað um
G4-EC6	Hlutfall yfirstjórnenda sem ráðnir eru úr heimabyggð þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	100%
Óbein efnahagsleg áhrif		
G4-EC7	Þróun og áhrif af fjárfestingu í innviðum og þjónustu	Á 24-27, 30-33, 36
G4-EC8	Umtalsverð óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra	Á 24-27, 30-33, 36
Innkaupastefna		
G4-EC9	Hlutfall innkaupa frá birgjum úr nærsamfélagi þar sem fyrirtækið er með stærri starfsstöðvar	Á 63
UMHVERFI		Tilvísun
Efnisnotkun		
G4-EN1	Notkun á hráefni eftir þyngd eða magni	Á ekki við
G4-EN2	Hlutfall endurnnins hráfnis af notuðu hráefni	Á ekki við
Orka		
G4-EN3	Bein orkunotkun eftir orkutegund	U 54, 56-57, 89
G4-EN4	Óbein orkunotkun eftir orkutegund	U 47-48
G4-EN5	Orkukræfni	U 54
G4-EN6	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	U 54
G4-EN7	Lækkun á orkupörf vegna vöru og/eða þjónustu	Á ekki við
Vatn		
G4-EN8	Notkun vatns eftir uppruna	U 14-15, 22-23, 72-75
G4-EN9	Mikil áhrif á vatnsból við vatnstöku	U 14-15, 22-23, 72-75
G4-EN10	Magn og hlutfall vatns sem er endurnýtt og/eða endurunnið við framleiðslu	Á ekki við
Líffræðileg fjölbreytni		
G4-EN11	Staðsetning og stærð landskika í eigu, leigu eða umsjá fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað.	Á 56-57; U 12-15, 68-69
G4-EN12	Lýsing á mikilsverðum áhrifum af starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins innan verndaðra svæða eða svæða sem liggja að vernduðu landi og landi þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil en er þó ekki verndað	Á 56-57; U 12-13, 68-69
G4-EN13	Varin eða endurheimt búsvæði	U 12-13
G4-EN14	Fjöldi tegunda á víslista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarlokki með búsvæði undir áhrifum framleiðslu fyrirtækisins, raðað eftir áhættu á útrýmingu	U 70-71
Losun		
G4-EN15	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (Gildissvið 1)	U 34-35, 55-57, 80-81
G4-EN16	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) í gegnum orkunotkun (Gildissvið 2)	Á ekki við
G4-EN17	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (Gildissvið 3)	U 55-57, 80-81
G4-EN18	Losun GHL í hlutfalli við umfang fyrirtækisins	U 34-35
G4-EN19	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda	U 34-35, 55-57, 90

G4-EN20	Losun ósoneyðandi efna	Ekki fjallað um
G4-EN21	Losun köfnunarefnisoxíðs NOx, brennisteinsoxíðs SOx og annarra lofttegunda	U 31-34, 80-83
Frárennsli og úrgangur		
G4-EN22	Heildarfrárennsli vatns eftir gæðum og viðtaka	U 28-30, 37-39, 76-79, 84-86
G4-EN23	Heildarþyngd úrgangs eftir tegund og förgunaraðferð	U 54, 56, 87-88
G4-EN24	Heildarfjöldi og magn mikilsháttar leka	U 5, 32, 36, 39, 56, 76
G4-EN25	Þyngd meintra eiturefna samkvæmt Basel samningi viðauka I, II, III og VIII, sem eru flutt innanlands, utanlands og/eða meðhöndluð hérlandis	U 14-15, 50
G4-EN26	Sérstaða, stærð, verndunarlokkur og líffræðileg fjölbreytni vatnsbóla og tengdra búsvæða sem verða fyrir stórvægilegum áhrifum vegna vatnstöku og/eða frárennslis	U 12-13, 14-15, 28-30, 68-39
Framleiðsla og þjónusta		
G4-EN27	Umfang aðgerða sem stuðla að minnkun umhverfis-áhrifa vara eða þjónustu	Á 31; U 51
G4-EN28	Hlutfall seldra vara og umbúðir sem eru endurheimtar eftir tegund	Á ekki við
Hliting		
G4-EN29	Fjárhæð mikilsháttar sekta og tæmandi listi yfir viðurlög sem fyrirtækið hefur verið látið sæta vegna brota gegn umhverfisverndarlögum og reglum	0 kr.
Samgöngur		
G4-EN30	Mikilsverð umhverfisáhrif vegna flutnings á framleiðslu-vörum og öðrum vörum og hráefni sem fyrirtækið notar þ.m.t. ferðir starfsmanna	U 47-48, 56, 88-89
Heildaráhrif		
G4-EN31	Heildarfjárfestingar og útgjöld vegna umhverfisverndar flokkað eftir tegund	Ekki fjallað um
Umhverfisáhrif birgja		
G4-EN32	Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir eftir umhverfisvísium	Ekki fjallað um
G4-EN33	Möguleg eða raunveruleg hættu á neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við slíkum áhrifum	Á 48-49; U 45
Umhverfismál og meðhöndlun umkvörtunarefna		
G4-EN34	Fjöldi umkvörtunarefna vegna umhverfisáhrifa sem tekið var á, og leyst, í gegnum formlegt ferli	U 5, 12-14, 32, 36, 39, 49, 56, 76
VINNUMÁL OG STARFSSKILYRÐI		Tilvísun
Vinnuafli		
G4-LA1	Starfsmannavelta eftir aldri, kyni og starfsstöð	Á 63
G4-LA2	Fríðindi fastráðins starfsfólks	Á 48, 63
G4-LA3	Endurkoma til starfa og starfslok eftir foreldraorlof, eftir kyni	Á 63
Kjaramál		
G4-LA4	Lágmarks uppsagnarfrestur í tengslum við mikilsháttar breytingar á starfsemi, þ.m.t. hvort kveðið sé á um slíkt í kjarasamningum	Á 63
Vinnuvernd		
G4-LA5	Hlutfall starfsfólks sem á fulltrúa í formlegum samstarfsnefndum starfsmanna og stjórnenda sem hafa eftirlit með og eru ráðgefandi um vinnueftirlit	Á 48
G4-LA6	Tíðni meiðsla, starfstengdra sjúkdóma, fjarverudaga og dauðsföll tengd starfi eftir starfsstöðvum	Á 48-49
G4-LA7	Hlutfall starfsfólks sem er í áhættuhópi varðandi starfstengd slys eða sjúkdóma	Á 48
G4-LA8	Vinnuverndarmál sem falla undir ákvæði í formlegum samningum við stéttarfélag	Á 52
Þjálfun og menntun		
G4-LA9	Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári eftir starfshópum og kyni	Á 63
G4-LA10	Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun sem efla starfsmenn í að viðhalda starfsmöguleikum sínum og stýra starfslokum	Á 46-47; U 42

G4-LA11	Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðu- og starfsþróunarmat, m.a. með tilliti til kyns og starfsvettvangs	Á 63
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri		
G4-LA12	Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni, aldri og minnihlutahópum, auk annarra fjölbreytileikavisa	Á 46-47, 63
Launajafnrétti		
G4-LA13	Hlutfall launa karla og kvenna eftir flokkum og starfstöðvum	Á 46-47
Mat á starfsskilyrðum starfsfólks birgja		
G4-LA14	Hlutfall nýrra birgja sem eru skimaðir eftir vísun um starfsskilyrði	Ekki fjallað um
G4-LA15	Raunveruleg og möguleg neikvæð áhrif á starfsskilyrði í aðfangakeðju fyrirtækisins og viðbrögð við þeim áhrifum	Á 48-49
Starfsskilyrði og meðhöndlun umkvörtunarefna		
G4-LA16	Fjöldi kvartana varðandi starfsskilyrði sem tekið var á og sett í samþykkt ferli á vinnustað	Á 48-49
Mannréttindi		Tilvísun
Fjárfestingar		
G4-HR1	Fjöldi og prósentuhlutfall af stórum fjárfestinga-samningum og áætlunum sem hafa ákvæði varðandi mannréttindi eða hafa verið skimuð með mannréttindi í huga	Ekki fjallað um
G4-HR2	Fjöldi klukkustunda sem fer í þjálfun vegna stefnu í mannréttindamálum og/eða fræðsla vegna verklags-reglna varðandi mannréttindamál er varða starfsemi fyrirtækisins. Tilkynna skal prósentuhlutfall starfsfólks sem hlotið hefur slíka þjálfun	Ekki fjallað um
Jafnræði		
G4-HR3	Fjöldi atvika er varðar jafnréttislög og aðgerðir í kjölfarið	Engin tilvik
Félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður		
G4-HR4	Starfsemi og/eða birgjar sem eru líklegir til að sniðganga lög um félagafrelsi og sameiginlegar kjaraviðræður og ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja slík réttindi	Ekki fjallað um
Barnavinna		
G4-HR5	Starfsemi þar sem hætta er á að barnavinna viðgangist og aðgerðir sem gripið hefur verið til, til að koma í veg fyrir slíka starfsemi	Ekki fjallað um
Nauðungarvinna og skylduvinna		
G4-HR6	Starfsemi þar sem hætta er á nauðungarvinnu og skylduvinnu og aðgerðir sem gripið hefur verið til, til að koma í veg fyrir slíka starfsemi	Ekki fjallað um
Öryggismál		
G4-HR7	Prósentuhlutfall starfsfólks er sinnir öryggisgæslu, sem hefur hlotið þjálfun og fræðslu varðandi mannréttinda-stefnu fyrirtækisins eða önnur viðeigandi réttindi er varða starfsemi fyrirtækisins	Ekki fjallað um
Frumbyggjaréttur		
G4-HR8	Fjöldi atvika er varðar brot á réttindum frumbyggja á landi þeirra og ráðstafanir gerðar í kjölfarið	Á ekki við
Mat		
G4-HR9	Hlutfall og fjöldi aðgerða sem hafa þarfnast umfjöllunar og/eða áhættumats vegna mannréttindamála	Ekki fjallað um
Mat á mannréttindamálum birgja		
G4-HR10	Prósentuhlutfall birgja sem hafa verið rýndir á forsendum mannréttinda	Ekki fjallað um
G4-HR11	Mannréttindabrot eða hætta á mannréttindabrotum og afleiðingar þeirra innan aðfangakeðju fyrirtækisins og aðgerðir við slíkum brotum	Ekki fjallað um
Mannréttindi og höndlun umkvörtunarefna		
G4-HR12	Hlutfall umkvörtunarefna vegna mannréttindabrota, sem hafa verið tilkynnt, tekið á og leyst eftir formlegu ferli umkvörtunarefna	Engin umkvörtunarefni

SAMFÉLAG		Tilvísun
Nærsamfélag		
G4-SO1	Eðli, umfang og virkni hvers konar verkefna og verklags sem metur og stýrir áhrifum starfseminnar á samfélög	Umhverfisskýrsla
G4-SO2	Rekstur með hugsanleg eða afgerandi neikvæð áhrif á samfélagið	U 4
Aðgerðir gegn spillingu		
G4-SO3	Hlutfall og heildarfjöldi starfsstöðva sem greindar hafa verið með tilliti til hættu á spillingu	R 47
G4-SO4	Upplýsingaflæði og fræðsla varðandi ferla og stefnu um spillingu	R 47
G4-SO5	Staðfest tilfelli um spillingu og aðgerðir í kjölfarið	R 47
Opinber stefna		
G4-SO6	Heildarhlutfall styrkja til stjórnmalasamtaka eftir landi og hlutfall styrkþega í hverju landi fyrir sig	R 47
Heiðarleg samkeppni		
G4-SO7	Heildarfjöldi lagalegra aðgerða vegna samkeppnismála, einokunar og niðurstaða þeirra mála	Á 36
Hlíting		
G4-SO8	Fjárhæð viðurlaga og tæmandi listi yfir viðurlög sem fyrirtækið hefur verið látið sæta vegna brota gegn lögum og reglum	Á 36
Mat á samfélagsáhrifum birgja		
G4-SO9	Prósentuhlutfall nýrra birgja sem hafa verið rýndir með viðmiðum um samfélagsábyrgð	Ekki fjallað um
G4-SO10	Mikil raunveruleg og/eða hugsanleg neikvæð áhrif á samfélagið í virðisæðjunni og aðgerðir í kjölfarið	U 6-7
Samfélagsáhrif og meðhöndlun umkvörtunarefna		
G4-SO11	Fjöldi umkvörtunarefna vegna samfélagsáhrifa, sem hafa verið skráð, tekið á og leyst eftir formlegu ferli umkvörtunarefna	Á 24-27; U 5
VÖRUÁBYRGÐ		Tilvísun
Heilsa og öryggi viðskiptavina		
G4-PR1	Prósentuhlutfall af vöru- og þjónustuflokkum sem hafa verið metnir eftir heilsu og öryggisvísunum	Á 24-27; U 14, 72-77
G4-PR2	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum eða eigin stöðlum varðandi áhrif á heilsu og öryggi af vöru eða þjónustu á líftíma vöru/þjónustu	Ekki fjallað um
Merkingar á vöru og þjónustu		
G4-PR3	Gerð vöru- og þjónustuupplýsinga sem krafist er í verklagsreglum og hlutfall vöru og þjónustu sem fellur undir slíkar upplýsingakröfur	Á ekki við
G4-PR4	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum varðandi merkingar á vöru eða þjónustu	Á ekki við
G4-PR5	Niðurstöður kannana er mæla ánægju viðskiptavina	Á 25, 30, 37
Markaðssetning		
G4-PR6	Sala á bannaðri eða umdeildri vöru	Á ekki við
G4-PR7	Fjöldi atvika þar sem ekki var farið eftir reglum varðandi markaðssetningu þar með talið auglýsingu, kynningu og styrki, flokkað eftir niðurstöðu	Á 36
Persónuvernd		
G4-PR8	Heildarfjöldi rökstuddra kvartana varðandi brot á persónuvernd og tap á persónulegum gögnum	Engar kvartanir
Hlíting		
G4-PR9	Fjárhæð sekta vegna brota á lögum og reglum varðandi vöruframboð og notkun á vörum og þjónustu	0 kr.

Viðbótarupplýsingar vegna GRI skýrslu

G4-LA1 Starfsmannavelta hjá OR árið 2015 var 7,3%, jöfn hjá körlum og konum. Línulegt samband er á milli starfsmannaveltu og starfsaldurs. Mest hjá þeim sem starfað höfðu í 0-5 ár (14%) minnst hjá þeim sem starfað hafa lengur en í 20 ár (3,8%).

G4-LA2 Helstu fríðindi fastráðins starfsfólks hjá OR samstæðunni eru aðgangur að niðurgreiddu mótuneyti, samgöngustyrkir til eflingar vistvænni samgangna, íþróttastyrkir til heilsueflingar og aðild að starfsmannafélagi sem veitir aðgang að leigu frístundahúsa.

G4-LA3 Allir starfsmenn sem tóku fæðingarorlof á árinu 2015 sneru aftur til starfa.

G4-LA4 Lágmarksuppsagnarfrestur að loknum reynslutíma starfsfólks er þrír mánuðir í samræmi við kjarasamninga.

G4-LA9 Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári eftir starfshópum og kyni

	Karlar	Konur	Samtals
Iðnaðarmenn	14,7	22,2	15,1
Ófaglært starfsfólk	11,6	8,9	10,5
Sérfræðingar	10,9	25,0	16,1
Skrifstofufólk	9,0	10,3	10,0
Stjórnendur	15,3	21,3	18,0
Samtals	13,2	16,3	14,2

G4-LA11 Hlutfall starfsmanna sem undirgekkst reglulegt frammistöðu og starfsþróunarmat á árinu 2015, m.a. með tilliti til kyns og starfsvettvangs:

	Karlar	Konur	Samtals
Iðnaðarmenn	75%	75%	75%
Ófaglært starfsfólk	58%	86%	69%
Sérfræðingar	83%	77%	81%
Skrifstofufólk	92%	85%	87%
Stjórnendur	75%	73%	74%
Samtals	75%	81%	77%

G4-EC9 Hlutfall innkaupa samstæðu OR frá birgjum og verktökum skipt eftir staðsetningu birgja.

	Hlutfall innkaupa
Höfuðborgarsvæðið	85%
Suðurland	5%
Vesturland	2%
Aðrir innlendir	1%
Erlendir	8%
Samtals	100%

G4-LA12 Samsetning starfsmannahóps OR eftir aldri og kyni:

Aldur	Iðnaðarmenn	Ófaglært starfsfólk	Sérfræðingar	Skrifstofufólk	Stjórnendur	Allir starfsmenn
20-29	3,6%	13,0%	5,2%	4,8%	0,0%	5,3%
30-39	14,4%	15,9%	39,1%	21,0%	28,9%	23,1%
40-49	21,0%	31,9%	30,4%	24,2%	31,6%	26,4%
50-59	34,7%	17,4%	15,7%	29,0%	31,6%	26,2%
60-69	26,3%	21,7%	9,6%	21,0%	7,9%	19,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Starfaflokkar	Karlar	Konur	Alls
Iðnaðarmenn	95,2%	4,8%	100,0%
Ófaglært starfsfólk	59,4%	40,6%	100,0%
Sérfræðingar	63,5%	36,5%	100,0%
Skrifstofufólk	21,0%	79,0%	100,0%
Stjórnendur	52,6%	47,4%	100,0%
Allir starfsmenn	67,8%	32,2%	100,0%

